

ÁRSSKÝRSLA 2002



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Stjórn.....	4
Deildarstjórnaskipti.....	6
Rekstraráætlun og afkoma	6
Ýmis mál.....	7
Dótturfyrirtæki	8
Magntölur.....	11
Skrifstofa og Góði hirðirinn	15
Starfsmannahald.....	16
Þjónustusamningar	16
Vigt	16
Góði hirðirinn - Nytjamarkaður SORPU bs. og líknarfélaga	16
Gæða- og þjónustusvið	19
Starfsmannahald.....	20
Kynningar- og fræðslumál	20
Vettvangs- og fræðsluferðir.....	21
Innra starf gæða- og þjónustusviðs	22
Starfsmannafræðsla	23
Ýmis verkefni	24
Ráðstefnur og sýningar	25
Móttöku- og flokkunarstöð	29
Starfsmannahald.....	30
Rekstur og viðhald véla	30
Húsnæði og umhverfi.....	31
Breyting á opnunartíma.....	32
Móttaka úrgangs í móttöku-og flokkunarstöð árið 2002	32
Verktakar	34
Erlend samskipti	34
Rannsóknarverkefni, flokkun á húsasorpi.....	34
Endurvinnslustöðvar	37
Starfsmannahald.....	38
Verktakar	38
Helstu framkvæmdir	38
Endurteknar nýjungar	39
Skilagjaldsumbúðir.....	39
Söfnun dagblaða og drykkjarferna.....	39
Magntölur.....	40
Erlend samskipti	42
Þróunar- og tæknideild	43
Starfsmannahald.....	44
Urðun og vinnsla úrgangs.....	44
Moltuframleiðsla.....	49
Gasvinnsla.....	49
Mælingar og rannsóknarniðurstöður sigvatns.....	49
Þróunarverkefni	50
Fundir og ráðstefnur	50

Grænt bókhald	53
Orku- og hráefnanotkun	54
Gróðurhúsalofttegundir	55
Heildarlosun úrgangs	56
Aðgerðir til hagræðingar við notkun hráefna	56
Ársreikningur	57
Viðaukar	73
Magntölur	
Gjaldskrár	
Efnamælingar í Gufunesi	
Efnamælingar í Álfsnesi	

INNGANGUR



Ársskýrsla SORPU sem út hefur komið frá því starfsemin hófst árið 1991 er aðgengilegasta heimildin um þróun í úrgangsmálum og jafnvel sú eina á landinu. Starfsfólk fyrirtækisins verður þess vart í auknum mæli að leitað er í þessa skýrslu eftir margvíslegum fróðleik sem tengist úrgangsmálum.

Upplýsingar í þessari skýrslu eiga við um höfuðborgarsvæðið en eru ekki tæmandi, því á svæðinu eru starfandi fleiri móttökustöðvar og ekki sjálfgefið að allur úrgangur sem þeim berst endi hjá SORPU til förgunar eða endurvinnslu. Því miður eru ekki aðgengilegar sambærilegar upplýsingar á landsvísu sem er mjög bagalegt ekki síst í ljósi þess að árlega er verið að setja í lög og reglugerðir, auknar kvaðir og kröfur tengdar málaflokknum.

Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar þá hefur stofnunin gefið út 28 starfsleyfi vegna reksturs á urðunarstöðum.

Sameiginlegt ákvæði í öllum þessum starfsleyfum er upplýsingaskylda til Umhverfisstofnunar um magn o.fl.

Þessar upplýsingar eru hins vegar ekki aðgengilegar hjá þeirri stofnun.

Stjórn

Skipan stjórnar var óbreytt frá fyrra ári fram til sveitarstjórnarkosninga sem fram fóru þann 25. maí 2002.

Stjórn SORPU

Sveitarfélag	Aðalmenn	Varamenn
Reykjavík	Bryndís Þórðardóttir	Kristján Guðmundsson
	Helgi Pétursson	Katrín Kaaber
	Inga Jóna Þórðardóttir	Björn Gíslason
	Þuríður Jónsdóttir	Bolli Héðinsson
	Ragnhildur Helgadóttir	
Kópavogur	Sigurros Þorgrímsdóttir	Gunnar Birgisson
Hafnarfjörður	Valdimar Svavarsson	Auðunn Karlsson
Garðabær	Ingibjörg Hauksdóttir	Erling Ásgeirsson
Mosfellsbær	Guðný Halldórsdóttir	Ólafur Gunnarsson

Formaður var sem fyrr Inga Jóna Þórðardóttir og varaformaður Sigurros Þorgrímsdóttir.

Stjórnin hélt 4 fundi á tímabilinu.

Auk mála tengdum rekstri og fjármálum fjallaði stjórnin um mál sem tengdust væntanlegri lagasetningu um urðunarstaði og um þróunarverkefni.

Stjórnin ákvað þann 11. apríl að hætta að bjóða uppá eyðingu trúnaðarskjala í móttökustöðinni í Gufunesi frá og með 1. júlí 2002.

Slík þjónusta hafði verið í boði frá upphafi rekstrar en var nú ekki lengur nauðsynleg þar sem slík þjónusta er nú í boði á almennum markaði.

Í upphafi nýs kjörtímabils voru eftirtaldir aðilar skipaðir í stjórn byggðasamlagsins:

Stjórn SORPU skipuð 2002

Sveitarfélag	Aðalmenn	Varamenn
Reykjavík	Ragnhildur Helgadóttir	Helgi Pétursson
	Valdimar K. Jónsson	Þorsteinn Þorsteinsson
	Kolbrún Halldórsdóttir	Kolbeinn Óttarsson Proppé
	Kristján Guðmundsson	Ívar Anderssen
	Þorbjörg Vigfúsdóttir	Björn Gíslason
Kópavogur	Sigurros Þorgrímsdóttir	Gunnsteinn Sigurðsson
Hafnarfjörður	Geir Þórólfsson	Vigdís Thordersen
Garðabær	Ingibjörg Hauksdóttir	Páll Hilmarsson
Bessastaðahreppur	Guðmundur G. Gunnarsson	Snorri Finnlaugsson

Formaður var kosin Sigurrós Þorgrímsdóttir og varaformaður Valdimar K. Jónsson, til næstu tveggja ára.

Stjórnin hélt 7 fundi á árinu m.a. varði stjórnin heilum degi þann 3. október 2002 til að fara í gegnum starfsemi fyrirtækisins þar sem m.a. framkvæmdastjóri kynnti skipurit SORPU og þau dótturfélög sem byggðasamlagið á hlutafé í. Auk hans kynntu deildarstjórar starfsemi sinna deilda. Þá voru tekin til umfjöllunar mál eins og:

Þróunarstarf - Fræðslumál – Ný verkefni – Ný lög frá Alþingi – Urðunarstaðurinn í Álfsnesi – Gjaldtaka á endurvinnslustöðvum.

Í framhaldi af þessum umræðum áttu fulltrúar byggðasamlagsins fund með borgarstjóranum í Reykjavík um stöðu og framtíð urðunarstaðarins í Álfsnesi. Á þeim fundi var ákveðið að taka ákveðna hugmynd til frekari skoðunar af fulltrúum beggja aðila.

Stjórnin samþykkti þann 29. ágúst umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs. Lög þessi eru í raun lögfesting á tilskipan ESB nr. 1999/31 um urðun úrgangs

Helstu atriði þessa lagafrumvarps ná til skilgreiningar á starfsleyfiskröfum, takmörkun á urðun, bann við urðun ákveðinna efnaflokkanna, eftirlit með urðunarstöðum eftir að rekstri er hætt og tryggingar sem og aðlögunartími fyrir urðunarstaði í rekstri. Umfjöllun um lagafrumvarp þetta lauk ekki á haustþinginu.


Annar lagabálkur, lög um úrvinnslugjald, kom til umfjöllunar í stjórn byggðasamlagsins.

Umsögn stjórnarinnar var afgreidd þann 5. desember og send umhverfisnefnd Alþingis. Lög um úrvinnslugjald voru afgreidd á haustþinginu með gildistíma 1. janúar 2003.

Deildarstjóraskipti

Ágnar Guðlaugsson rekstrarstjóri endurvinnslustöðva, hætti störfum í lok árs 2001. Ásmundur Reykdal stöðvarstjóri móttökustöðvar í Gufunesi tók við starfi sem rekstrarstjóri endurvinnslustöðva.

Jón Ólafur Vilhjálmsson tók við starfi stöðvarstjóra móttökustöðvar í Gufunesi.



Skipurit samþykkt í stjórn 3/12 1998

Mynd 1

Rekstraráætlun og afkoma

Rekstraráætlun ársins gerði ráð fyrir móttöku á 105.000 tonnum í móttökustöð í Gufunesi með svipaðri dreifingu á gjaldflokka og varð í reynd 2001.

Framlegð fyrir afskriftir og fjármagnslið var áætluð 121,8 m.kr. eða 16,3% af veltu (án endurvinnslustöðva).

Niðurstaða ársins varð hins vegar að til móttökustöðvar bárust 111.537 tonn (106.520 árið 2001) eða 6,2% umfram áætlun eða 4,7% raunaukning milli ára.

Sé tekið tillit til þess að hætt var að flytja úrgang af svæðinu til urðunar á Kirkjufurjuháleigu í árslok 2001 sem nam um 12.000 tonnum á ári þá má leiða líkur að því að úrgangur á svæðinu hafi minnkað um ca. 6.000 t. eða rúm 5%.

Framlegð ársins varð 130.1 mkr. (133,2 mkr árið 2001.) eða 17.1% (19.4% árið 2001) af veltu.

Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða var bókfærður hagnaður ársins 45.369 þús. (39.498 þús árið 2001).

Tafla I

Helstu kennitölur ársreiknings				
	31/12/02	31/12/01	31/12/00	31/12/99
Veltufjárhlutfall	2,30	2,07	1,89	1,28
Lausafjárhlutfall	2,21	2,00	1,82	1,21
Rekstrarhagnaðarstig út frá heildarrekstrartekjum	3,91	3,89	6,29	3,79
Rekstrarhagnaðarstig að frádr. endurvinnslust.tekjum	5,94	5,75	9,10	5,41
Eiginfjárhlutfall	49,39	47,47	44,19	38,80
Arðsemi heildarfjármagns	2,92	2,61	4,16	2,46

Tafla II

Hlutafjareign SORPU		
Hluthafi	Hlutafé	Eignarhlutur
Kjötmjöl ehf	10.000.000 kr.	10,4%
Metan hf	18.350.000 kr.	57,3%
Efnamóttakan hf	13.680.000 kr.	56,3%

Eignabreytingar

Á árinu var 51,2 millj. kr. (74.8 árið 2001) varið til eignabreytinga. Lokið var stækkun á starfsmanna og skrifstofuhúsi á svæði Efnamóttökunnar hf. og uppsetningu á bílavog í Álfsnesi.

Ýmis mál

Samráðshópur stjórnar SORPU og samtaka atvinnulífsins

Hópurinn starfar áfram og kemur saman þegar nauðsyn þykir til.

Kærunefnd útboðsmála

Á árinu var boðin út móttaka á brotamálmum sem berast til móttökustöðva SORPU. Útboðið var ákveðið í ljósi þess að gildistími sammings við Furu ehf var til 31. des. 2002. Viðhaft var lokað útboð með þátttöku þeirra tveggja fyrirtækja sem annast móttöku brotamálma, Furu ehf. og Hringrásar ehf. Fura ehf kærði útboðið til kærunefndar

útboðsmála og krafðist þess að útboðið yrði fellt úr gildi og útboðið yrði endurtekið. Kærunefnd útboðsmála hafnaði kæru Furu ehf.

SORPA ákvað að taka hagstæðustu tilboðin sem voru í A hluta verksins frá Hringrás ehf og í B hluta frávikstilboð frá Furu ehf. Þá ákvörðun kærði Hringrás ehf. til Kærunefndar útboðsmála. Kærunefnd útboðsmála hafnaði þeirri kæru.

Gengið var frá samningi við bæði fyrirtækin um áramótin.

Dótturfyrirtæki

Efnamóttakan hf.

Á árinu var tekin í notkun starfsmannaaðstaða þ.e. búningsherbergi, böð og kaffistofa á efri hæð í húsi móttökustöðvarinnar.

Á árinu breyttist hluthafahópurinn þegar Gámaþjónustan hf festi kaup á 13,17 % hlut í félaginu sem stjórn félagsins ákvað að selja.

Hlutfé Efnamóttökunnar hf er eftir þá aukningu 24.300.000 og skiptist þannig á hluthafa.

Tafla III

Skipting hlutafjár í Efnamóttökunni hf.		
Hluthafi	Hlutfé	Eignarhlutur
SORPA	13.679.130 kr.	56,29 %
Sagaplast ehf	4.220.000 kr.	17,37 %
Fura ehf	3.220.870 kr.	13,17 %
Gámaþjónustan hf	3.200.000 kr.	13,17 %
Samtals	24.300.000 kr.	100,00 %

Í stjórn Efnamóttökunnar hf. sitja:

Stjórn Efnamóttökunnar hf.	
Aðalmenn	Varamenn
Ögmundur Einarsson	Björn H. Halldórsson
Hermann Ottósson	
Gunnar Bragason	Eiríkur Hannesson
Haraldur Ólason	Úlfar Haraldsson
Benóný Ólafsson	Elías Ólafsson

Rekstur félagsins gekk ágætlega á árinu.

Tafla IV

Helstu kennitölur úr rekstri Efnamóttökunnar hf.		
	2002	2001
Heildartekjur námu	155,4 m.kr.	103,6 m.kr.
Hagnaður eftir skatta nam	4,0 m.kr.	- 1,2 m.kr.
Veltufjárhlutfall ársins	2,02	1,18
Eigið fé í hlutfalli af heildarfjármagni	61,0 %	53,8 %

Meðalfjöldi starfsmanna var 9 á árinu

Kjötmjöl ehf.

SORPA ákvað að gerast hluthafi í Kjötmjöli ehf á Selfossi á árinu 2001 til að tryggja sem best endurvinnsluleið fyrir kjöt- og sláturúrgang frá fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu.

Eftir nokkra byrjunarörðugleika í rekstri fyrirtækisins var reksturinn komin á ágætis skrið og gekk framleiðslan án vandamála á síðasta ári. Hins vegar hefur sjúkdómafár í Evrópu og nýjar reglur ESB sem takmarkar notkun á afurðum unnum úr dýraúrgangi nánast lokað fyrir sölu á kjötmjöli á erlendum mörkuðum. Innlendur markaður fyrir afurðir verksmiðjunnar er lítill og einnig háður takmörkunum vegna dýrasjúkdóma.

Hluthafar í fyrirtækinu eru:

Tafla V

Hluthafar Kjötmjöls ehf.		
Hluthafi	Hlutfé	Eignarhlutur
Sorpstöð Suðurlands	33.440.000 kr.	35,0 %
Sláturfélag Suðurlands	10.080.000 kr.	10,5 %
SORPA	10.000.000 kr.	10,0 %
Gámaþjónustan hf	8,540.000 kr.	8,9 %
Búnaðarf. Hraungerðishrepps	8.000.000 kr.	8,0 %
Eignarhaldsf. Suðurlands	7.000.000 kr.	7,3 %
Þríhyrningur / Grísabær	6.720.000 kr.	7,0 %
Atvinnuþróunarsj. Suðurlands	4.660.000 kr.	4,9 %
Reykjagarður / Búnaðarbankinn	3.360.000 kr.	3,5 %
Olís hf	2.000.000 kr.	2,1 %
Vélsmiðja KÁ	1.850.000 kr.	1,9 %
Samtals	95.650.000 kr.	100,0 %

Í stjórn Kjötmjöls ehf. sitja:

Stjórn Kjötmjöls ehf.

Aðalmenn	Varamenn
Karl Björnsson	Ágúst Ingi Ólafsson
Sigurður Bjarnason	Gísli Páll Pálsson
Björn H. Halldórsson	Ögmundur Einarsson
Elías Ólafsson	Benóný Ólafsson
Bjarni Stefánsson	Guðmundur Stefánsson

Tafla VI

Helstu kennitölur úr rekstri Kjötmjöls ehf.

	2002	2001
Rekstrartekjur	57,0 m.kr	27,7
Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð	- 14,7 m.kr	- 30,0
Veltufjárhlutfall ársins	1,19	1,59
Eigið fé sem hlutfall af heildarféarmagni	19,7 %	22,2 %

Metan hf.

Því var fagnað á árinu 2002 að lokið var við tilraunaverkefni með Borgarplasti hf um notkun metans í iðnaði í stað jarðefnaeldsneytis. Tilraunin gekk mjög vel og voru allir aðstandendur verkefnisins mjög ánægðir með hvernig tókst til. Notkun metans sýndi sig að bæta vinnuástandi þeirra er vinna við plastframleiðslu hjá Borgarplasti hf auk þess umhverfisávinninga sem notkun þess hefur í för með sér. Ekki hefur verið ákveðið með framhald þessa verkefnis. Verkefnið var styrkt af Orkusjóði og Átaki til atvinnusköpunar.

Orkuveita Reykjavíkur (OR) setti upp rafstöð í Álfsnesi seint á árinu 2001 og gengur sú vél fyrir hauggasi. Nokkur vandræði sköpuðust vegna veðurfars og tókst SORPU ekki að standa við gerða samninga við Metan hf. um afhendingu gass vegna rafstöðvarinnar fyrir en á miðju ári. Rafstöðin var í gangi nær allan seinni hluta ársins og framleiddi um 1,8 GWh af rafmagni. Þess má geta að rafstöðin annar sem svarar orkuþörf 1.000 heimila.

17 nýir gasbílar komu til landsins seint á árinu (ágúst) og fjölgaði þá slíkum bílum nánast um helming. Alls eru því 42 ökutæki á götum höfuðborgarsvæðisins sem ganga fyrir metani eða 0,2 metanökutæki pr. 1.000 íbúa. Til samanburðar má nefna að í Stokkhólmi er þetta hlutfall um 0,4.

Hluthafar í Metan hf. eru þrjár og skiptist hlutféð sem hér segir:

Tafla VII

Skipting hlutfjár Metans hf.		
Hluthafi	Hlutfé	Eignarhlutur
SORPA	18.336.000 kr.	57,3 %
Olíufélagið ESSÓ hf	7.008.000 kr.	21,9 %
Sprotasjóðurinn hf	6.656.000 kr.	20,8 %
Samtals	32.000.000 kr.	100,0 %

Stjórn félagsins árið 2002 skipa:

Stjórn Metans hf. 2002

Aðalmenn	Varamenn
Jón Atli Benediktsson	Ögmundur Einarsson
Erling Ásgeirsson	
Erna Gísladóttir	
Kristján Kristinsson	Ágúst Karlsson
Jón Gauti Jónsson	Úlfar Þorsteinsson

Tafla VIII

Helstu kennitölur úr rekstri Metans hf.		
	2002	2001
Rekstrartekjur ársins námu	7,966 m.kr.	7,917 mj.kr.
Rekstrarniðurstaða var neikvæð	-3, 294 m. kr.	-1,376 m.kr.
Veltufjárhlutfall ársins	0,1	0,1
Eigið fé sem hlutfall af heildarfjármagni	35,9%	44,4%

Magntölur

Í síðustu ársskýrslu SORPU fyrir árið 2001 var tekin upp önnur framsetning á tölulegum upplýsingum en verið hafði í ársskýrslum mörg undanfarin ár. Sami háttur er hafður á að þessu sinni, þó smávægilegar breytingar hafi verið gerðar frá í fyrra. Er von okkar að með þessu móti sé komið í veg fyrir hugsanlega misskilning eða rangtúlkun.

Heildarmagn úrgangs sem fór um starfsstöðvar SORPU á síðasta ári voru **151.898 tonn** sem er aukning um 14.600 tonn eða um 10,6% frá fyrra ári. Skýringar á þessari aukningu

eru m.a. breytt fyrirkomulag á förgun steinefna á svæðinu á miðju ári 2001 en einnig að úrgangur sem áður var fluttur austur í Kirkjuferjuháleigu fór að berast til SORPU. Einnig verður að hafa í huga að hluti úrgangsins er ekki mældur á vigt heldur með rúmmálmælingu og getur það valdið einhverjum skekkjum.

Í töflum IX-XI má sjá magn alls úrgangs sem fór um fyrirtækið árið 2002.

Tafla IX

Magn um endurvinnslustöðvar árið 2002	
	Magn (kg)
Móttækið á endurvinnslustöðvum	33.030.873
Ráðstöfun	
Til móttökustöðvar SORPU í Gufunesi	17.493.111
Til endurvinnslu utan SORPU	10.583.512
Til Efnamóttökunnar hf (spilliefni)	396.057
Á urðunarstað	4.558.193
Samtals ráðstafað	33.030.873


Tafla X

Magn um móttökustöð í Gufunesi árið 2002	
	Magn (kg)
Móttækið í Gufunesi	111.534.540
Frá endurvinnslustöðvum	17.493.111
Frá öðrum	94.041.429
Rekstrarefni og lager	
Bindivírsnotkun	260.000
Lager um áramót	462.000
Sandur í síur	144.000
Vatnsnotkun	1.900.000
Samtals meðhöndlað í stöð	114.300.540
Ráðstöfun	
Til endurvinnslu	19.887.540
Til urðunar	94.413.000
Samtals ráðstafað	114.300.540

Magn á urðunarstað í Álfsnesi árið 2002

	Magn (kg)
Móttækið í Álfsnesi	121.030.918
Frá móttökustöð í Gufunesi	94.413.000
Frá endurvinnslustöðvum	4.558.193
Frá öðrum	22.059.725
Ráðstöfun	
Til endurvinnslu	14.541.823
Til urðunar	106.489.095
Samtals ráðstafað í Álfsnesi	121.030.918

Á mynd 2 má sjá hvernig flæði úrgangs er gegnum fyrirtækið. Heildarmagn móttækis úrgangs til allra starfsstöðva SORPU var 151.989 tonn. Þar af fóru í endurvinnslu 45.047 tonn og 106.489 tonn í urðun.



Mynd 2

SKRIFSTOFA & GÓÐI HIRÐIRINN



Starfsmannahald

Fastráðnir starfsmenn skrifstofu voru 6 í árslok.

Ársverk á skrifstofu voru 5,38 á árinu.

Fastráðnir starfsmenn á vigt voru 2 í árslok.

Ársverk á vigt voru 2,50 á árinu.

Skrifstofustjóri er Sigríður Björg Einarsdóttir.

Þjónustusamningar

Skrifstofa og vigt SORPU sjá um að þjónusta Efnamóttökuna hf., Metan hf. og Fenúr (Fagráð um endurnýtingu og úrgang) samkvæmt sérstökum þjónustusamningum.

Vigt

Breyting á opnunartíma vigtar

Frá 1. janúar var þjónustutími vigtar stytur.

Opnunartími virka daga varð frá kl. 7.30 – kl. 18:00.

Laugardaga var opið frá kl. 8:30 – kl. 15:00.

Frá og með 1. nóvember var eingöngu opið á laugardögum fyrir viðskiptavinum með viðskiptakort.

Góði hirðirinn - Nytjamarkaður SORPU bs. og líknarfélaga

Starfsmannahald

Verslunarstjóri er Sólrún Trausta Auðunsdóttir.

Fastráðnir starfsmenn voru 6 í árslok.

Ársverk voru að meðaltali 5,6 á árinu en komin í 6 í lok árs.

Starfsemi

Vinnu- og geymsluaðstaða á lager var stórbætt á árinu. Starfsmannaaðstaða var bætt. Tekinn var upp starfsmannaklæðnaður. Starfsmenn unnu með gæða- og þjónustusviði að gerð gæðakerfis fyrir starfsemi Góða hirðisins.

Leigusali stórbætti umhverfi Góða hirðisins með hitalögn og malbikun á bílaplani. Góði hirðirinn fékk bíl á árinu sem ekur bæði á metangasi og bensíni.

Markaðurinn var lokaður frá 1. júlí til 12. ágúst vegna sumarleyfa.

Formleg opnun var með pomp og prakt laugardaginn 17. ágúst. Til Góða hirðisins eru að berast að meðaltali 25 tonn á mánuði sem annars mætti ætla að færu í urðun.

Styrkveiting Góða hirðisins

Þann 28. nóvember veitti Góða hirðirinn styrki til Tourett samtakanna og CP félagsins alls 900 þúsund krónur.

Styrkirnir voru veittir í samræmi við þá stefnu samstarfsaðila að ef hagnaður yrði af rekstrinum skyldi hann renna til góðgerðarstarfsemi.



Verslunarstjórn Góða hirðisins

Sigríður Björg Einarsdóttir

skrifstofustjóri, formaður.

Ragna I. Halldórsdóttir

deildastjóri gæða- og þjónustusviðs.

Ásmundur Reykdal

rekstrarstjóri endurvinnslustöðva.

GÆÐA- & ÞJÓNUSTUSVIÐ



Starfsmannahald

Sif Svavarsdóttir kom til starfa eftir barneignafri í júlí sem fulltrúi á gæða- og þjónustusviði í hálfu starfi sem var aukið í 75% starf í október. Sif sér um að uppfæra gæðahandbækur fyrirtækisins og koma endurnýjuðum krafti í verkefnið. Einnig sér hún um að uppfæra starfsmannavef SORPU, kemur að undirbúningi vegna fræðslu starfsmanna og sinnir nýliðafræðslu starfsmanna, útgáfu Ruslakistunnar, fréttablaðs starfsmanna, ásamt ýmsum tilfallandi verkefnum.

Fastráðnir starfsmenn í árslok voru þrír en ársverk voru 2,25.

Deildarstjóri er Ragna Ingibjörg Halldórsdóttir.

Kynningar- og fræðslufulltrúi er Gyða Sigríður Björnsdóttir.

Fulltrúi á gæða- og þjónustusviði er Sif Svavarsdóttir

Kynningar- og fræðslumál

Samskipti og upplýsingagjöf

Töluvert er um fyrirspurnir frá almenningi er varða flokkun úrgangs og endurvinnslu en einnig berast fyrirspurnir frá fyrirtækjum og stofnunum. Kennarar, nemendur og aðrir þeir sem vinna að verkefnum tengdum úrgangsmálum leita einnig til SORPU eftir upplýsingum. Sú breyting hefur orðið á formi fyrirspurna að þær berast nú í auknum mæli í gegnum heimasíðu fyrirtækisins en að sama skapi hefur dregið úr símhringingum.

Heimasíðan www.sorpa.is

Í byrjun ársins var hafist handa við uppsetningu nýrrar heimasíðu sem unnin var í samvinnu við Spuna hugbúnaðarhús. Markmiðið með nýrri síðu var að auka aðgengi almennings að upplýsingum um starfsemi SORPU. Ritstjórnarviðmót er einfalt og þægilegt og síðan því auðveldari í uppfærslu sem leiðir af sér betra viðhald upplýsinga. Einnig var sett upp sérstök starfsmannasíða og ensk síða. Á heimasíðunni er hægt nálgast útgefið efni, nýjustu fréttir úr starfsemi fyrirtækisins, allar upplýsingar um flokkun úrgangs en einnig er þar sérstakt fyrirspurnaform og leitarform. Reynsla og viðbrögð við nýju síðunni hafa verið mjög góð.

Útgefið efni

Á árinu kom út ný og endurbætt flokkunartafla sem viðskiptavinir geta fengið senda eða nálgast á endurvinnslustöðvum SORPU. Einnig var bæklingurinn Heimurinn og ég uppfærður af Ara Trausta Guðmundssyni og kom út um vorið undir nafninu Við & umhverfið. Um er að ræða bækling sem fjallar almennt um umhverfismál og var sérstaklega hugsaður vegna vinnuskólafræðslunnar en einnig til almennrar upplýsingagjafar. Bæklingurinn auðveldar fólki að taka þátt í umræðunni um umhverfismál enda er þar komið inn á helstu hugtök er tengjast málaflökknum, t.d. er fjallað um sjálfbæra þróun sem mikið var í umræðunni á árinu sbr. ráðstefnuna um

sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg. Hafist var handa við gerð almanaks 2003 en mikil ánægja var með almanakið á árinu 2002 og því ákveðið að endurtaka leikinn. Að þessu sinni voru það 13 leikskólar sem myndskreyttu almanakið en þemað var „endurvinnsla“. Fjórum síðum var bætt við almanakið að þessu sinni sem innihalda upplýsingar um starfsemi SORPU sem og flokkun úrgangs og endurnýtingu.

Vettvangs- og fræðsluferðir

Á árinu 2002 var ekkert lát á móttöku hópa í vettvangs- eða fræðsluferðir og var tekið á móti 3302 manns. Þetta reyndist vera nokkur aukning frá árinu áður.

Móttaka vinnuskóla

Eins og undanfarin ár var 14 ára nemendum vinnuskólanna á höfuðborgarsvæðinu boðið að koma í fræðslu hjá SORPU ásamt leiðbeinendum. Fræðslan bar að þessu sinni heitið „Við og umhverfið“. Nemendur komu með rútu til SORPU í Gufunesi (skrifstofur) og þar var fræðslufulltrúi sóttur. Fræðslan skiptist í þrjá meginþætti þ.e. skoðunarferð um starfssvæði SORPU (endurvinnslustöð og móttökustöð), leiki og fyrirlestur með hliðsjón af glærum í kennslustofu SORPU. Gyða S. Björnsdóttir og Sonja Þórsdóttir báru hitann og þungann af fræðslunni ásamt Rögnu I. Halldórsdóttur. Heildarfjöldi nemenda var 982 og komu þeir frá vinnuskólum Reykjavíkur, Mosfellsbæjar, Seltjarnar-ness og Kópavogs. Í fræðslunni var lögð áhersla á að nemendur kynntust starfsemi SORPU en jafnframt að þeir öðluðust skilning á helstu þáttum umhverfismálanna.



Vettvangsferðir grunnskólanema

Á árinu komu 1669 grunnskólanemar í vettvangsferðir til SORPU. Vettvangsferðir voru með svipuðu sniði og undanfarin ár þ.e. farið er með rútu á endurvinnslustöð, helstu flokkar úrgangs kynntir sem og endurvinnslufarvegir. Fjallað er um umhverfislegan ávinning þess að flokka úrgang og koma til endurvinnslu og lögð áhersla á mikilvægi þess að flokka spilliefni til eyðingar. Þar næst er haldið í móttökustöð SORPU og starfsemin þar skoðuð. Nemendur fá í lokin viðurkenningarskjal og fræðsluefni sem eins og undanfarin ár var litabók en að auki var á árinu 2002 afhent Ævintýrið um Sebastián Kassmann eftir Gyðu S. Björnsdóttur.

Vettvangsferðir leikskólabarna

Vettvangsferðir leikskólabarna eru með svipuðu sniði og vettvangsferðir grunnskólanema. Leikskólarnir eru einna duglegastir í flokkun úrgangs og koma börnin iðulega með það sem þau hafa flokkað til endurvinnslu með sér og setja það í rétta gáma á endurvinnslustöð. Lögð er áhersla á að börnin fái tilfinningu fyrir því hvað verður um úrganginn og þau skoða sýnishorn af því sem framleitt er t.d. úr kertaafgöngum og drykkjarfernum. Á árinu 2002 heimsóttu 360 leikskólanemar SORPU.



Heimsóknir fagaðila, vinnuhópa, nema á framhalds- og háskólastigi ofl.

Ósjaldan berast óskir um móttöku eða vettvangsferðir frá aðilum sem hafa á einhvern hátt með málaflökkinn að gera eða vilja kynna sér starfsemi fyrirtækisins. Á árinu komu 291 í slíkar ferðir. Má sem dæmi nefna Hússtjórnarkennarafélagið, Iðntæknistofnun/ Umsjónarmenn fasteigna, vinnuhóp starfsfólks Hrafnistu, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Hreinsunardeild Reykjavíkur, NSR í Svíþjóð, nemendur frá Garðyrkjuskólanum, nemendur frá Borgarholtsskóla og Sorpeyðingu Eyjafjarðar.

Innra starf gæða- og þjónustusviðs

Gæðastjórnunarverkefni

Vinna að gæðastjórnunarverkefni SORPU hófst árið 1997 en þá var Haukur Alfredsson fenginn sem ráðgefandi aðili til þess að leggja drög að gæðahandbókum fyrirtækisins. Haustið 2002 hófst að nýju vinna við uppfærslu gæðahandbókanna og var byrjað á handbókum vinnslusviðs móttökustöðvar og endurvinnslustöðva. Vinnan fólst í markvissri yfirferð yfir öll þau skjöl sem í handbókunum voru fyrir og þau uppfærð með tilliti til breytinga í starfsemi eða breyttra áherslna. Það er hlutverk fulltrúa á gæða- og þjónustusviði að viðhalda og uppfæra gæðahandbækur fyrirtækisins í samvinnu við deildarstjóra, verkstjóra og starfsmenn hvernar deildar fyrir sig. Markmiðið er fyrst og fremst að bæta þjónustu við viðskiptavini SORPU og auka starfsánægju á vinnustað. Áhersla er lögð á að bækurnar nýtist sem verkfæri í höndum starfsmanna og ættu þær því að auka öryggis- og tilfinningu þeirra í starfi, ekki síst nýrra starfsmanna.

Starfsmannavefur SORPU

Starfsmannavefur SORPU leit dagsins ljós í lok september. Á vefnum gefst starfsmönnum kostur á að nálgast ýmsar upplýsingar sem varða mál starfsmanna á netinu. Finna má upplýsingar um réttindi starfsmanna, kynningarefni um fyrirtækið og endurvinnslu, starfsmannafélagið o.fl. Einnig munu gæðahandbækur fyrirtækisins verða

aðgengilegar á vefnum að uppfærslu þeirra lokinni. Fréttablað SORPU, Ruslakistuna, má einnig nálgast á síðunni. Starfsmannavefurinn er tilvalinn vettvangur til að auka upplýsingaflæði til starfsmanna og m.a. að koma áleiðis tilkynningum og fréttum innan fyrirtækisins. Vefurinn er eingöngu ætlaður starfsmönnum fyrirtækisins og er því aðgangsstýrður. Umsjón með vefnum hefur Sif Svavarsdóttir, fulltrúi á gæða- og þjónustusviði.

Fréttablað SORPU - Ruslakistan

Undanfarin ár hefur gæða- og þjónustusvið staðið að útgáfu fréttablaðs SORPU sem nefnist RUSLAKISTAN. Blaðinu er dreift til starfsmanna og stjórnar SORPU auk starfsmanna Efnamóttökunnar hf. Því er ætlað að greina frá því helsta sem er að gerast í innra sem ytra starfi fyrirtækisins. Í ritstjórn blaðsins eru Guðjón Sveinbjörnsson, fráfari starfsmaður endurvinnslustöðva, Sif Svavarsdóttir, fulltrúi á gæða- og þjónustusviði og Ragna I. Halldórsdóttir, deildarstjóri gæða- og þjónustusviðs, sem er jafnframt ábyrgðarmaður blaðsins. Starfsmönnum gefst kostur á að senda efni til blaðsins.

Starfsmannafræðsla

Starfsmannafræðsla er mikilvægur þáttur í starfsemi fyrirtækisins. Haldin eru regluleg námskeið fyrir alla starfsmenn fyrirtækisins og má sjá umfjöllun um það hér fyrir neðan.

Þjónustunámskeið

Í október var haldið þjónustunámskeið fyrir alla starfsmenn SORPU og Efnamóttökunnar hf. í samstarfi menningar- og fræðslumiðstöð alþýðunnar, MFA. Markmið námskeiðsins var að stuðla að bættri líðan starfsfólks og þá um leið starfsánægju, styrkja öruggari framkomu, þekkja grundvallaratriði góðra samskipta og mikilvægi þeirra fyrir vellíðan og árangri í starfi, hæfni og vilja til samvinnu á vinnustað, ímynd fyrirtækisins og ábyrgð starfsmannsins í að byggja upp / spilla þeirri ímynd og undirstöðuatriði í þjónustu við viðskiptavini. Tekið var á þessum markmiðum í þrem meginþáttum, sjálfstyrking, mannleg samskipti á vinnustað og gæði þjónustu. Námskeiðið tókst vel til og var almenn ánægja meðal starfsmanna á námskeiðinu loknu.

Nýliðafræðsla

Nýjum starfsmönnum var boðið í fræðsluferð um allt fyrirtækið í júní en nýliðafræðsla er hluti af þjálfun nýrra starfsmanna. Mjög mikilvægt er að allir starfsmenn búi yfir sömu grunnþekkingunni á starfsemi fyrirtækisins og heildstæð fræðsla fyrir starfsmenn tryggir það.

Ýmis verkefni

Í gegnum árin hefur SORPA tekið þátt í margskonar samstarfsverkefnum. Má þar meðal annars nefna „Sorpið okkar” námsefni sem SORPA vann í samstarfi við Umhverfissráðuneytið og Námsgagnastofnun og miðaðist við þarfir 10 ára nemenda. Í dag eru nokkur verkefni í gangi og verður þeim gerð skil síðar í kaflanum.

Skólavist

Verkefnið Fernur á grænni grein í grunnskólum er samvinnuverkefni SORPU, Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og Hreinsunardeildar gatnamálastjóra í Reykjavík og hefur verið í gangi frá 1998. Markmið verkefnins var að koma á fastri hefð innan grunnskólanna um að safna og flokka allar tómar fernur og hvetja nemendur til að gera slíkt hið sama innan veggja heimilanna. Verkefnið hefur verið í stöðugri þróun en á síðasta ári fengu áhugasamir skólar sem lýstu sig reiðubúna til að taka þátt í verkefninu sendan „Umhverfisgátlista” sem náði til fleiri umhverfisþátta í skólum. Forráðamenn skólanna voru samdóma um að gátlistinn væri gott verkfæri til að vinna eftir og styddi skólana í að móta sína umhverfisstefnu og til að forgangsraða. Verkefnið er í þróun og gengur í dag undir nafninu „Skólavist”. Mun það taka til allra umhverfisþátta í skólastarfinu.

Vistvernd í verki – GAP

Verkefnið Vistvernd í Verki (Global Action Plan, GAP), hefur fest sig í sessi undir hatti Landverndar en SORPA er einn styrktaraðila verkefnisins. Í ársbyrjun var hafin sókn í verkefninu til tveggja ára og voru fengnir inn fimm aðilar til samstarfs við Landvernd, með einum eða öðrum hætti. Ásamt SORPU voru þetta Landsvirkjun, Strætó, Fjarðarkaup og Orkuveita Reykjavíkur, eða einn samstarfsaðili fyrir hvern málaflokk sem tekinn er fyrir í vishópaverkefninu. Umhverfissráðuneytið kom einnig til samstarfs við verkefnið. Samstarfinu er ætlað að renna styrkari stoðum undir verkefnið Vistvernd í verki og við árslok 2003 er stefnt að því að:



- 80% þjóðarinnar geti tekið þátt í vishópi og 50% landsmanna yfir 18 ára aldri þekki Vistvernd í verki og fyrir hvað verkefnið stendur.
- 1000 heimili hafi tekið þátt í vishópi, þ.e. 400 á hvoru ári og bæklingi “yfirlýsingu” dreift markvisst í 10.000 eintökum, þar af skili sér 2000 á póstlista.

Landvernd hefur yfirumsjón með verkefninu, annast daglegan rekstur GAP og er fjárhagslega ábyrg fyrir honum. Verkefnið miðar að því að vekja fólk til umhugsunar um umhverfi sitt og heimilishaldið og hjálpa einstaklingum og fjölskyldum að taka upp umhverfisvænan lífsstíl. Deildarstjóri situr í verkefnisstjórn og samstarfshópnum. Sjá nánar á heimasíðu Landverndar www.landvernd.is.

Þjónustusamningar

SORPA er með þjónustusamning við FENÚR, Metan hf og Efnamóttökuna eins og fram hefur komið í kafla skrifstofunnar.

Kynningar- og fræðslufulltrúi SORPU hefur komið að gerð og hönnun bækling fyrir Efnamóttökuna, uppfærslu heimasíðu ásamt fleiri verkefnum er lúta að kynningar- og markaðsmálum fyrirtækisins.

Gæða- og þjónustusvið sér um heimasíðu fyrir FENÚR, félagaskrá, boðun á ráðstefnur og fundi, situr í stjórn félagsins ásamt ýmsum tilfallandi verkefnum.

Ráðstefnur og sýningar

Skýrsla vegna ferðar á ráðstefnu í Columbus Ohio, USA

SORPA hefur unnið markvisst að því að afla sér upplýsinga um vinnslu lífræns úrgangs og fylgst með þróun þá á því sviði sem og þróun í reglugerðarumhverfi.


Deildarstjóri gæða- og þjónustusviðs fór á vegum fyrirtækisins til að sitja ráðstefnu sem haldin var dagana sjötta, sjöunda og áttunda maí 2002. Ráðstefnan var á vegum Biocycle, Journal of composting & organics recycling og Ohio State University í Columbus USA. Hér á eftir fylgir skýrsla þar sem kynntar verða niðurstöður hinna ýmsu fyrirlestra og kynninga sem deildarstjóri sat sem og upplýsingar um þá þróun og aðgerðir sem Bandaríkjamenn sjá frammá vegna söfnunar, vinnslu og aukinna krafna frá reglugerðarumhverfi.

Markmið ferðarinnar

Að afla vitneskju um hvað væri að gerast í vinnslu og meðferð lífræns úrgangs, hvað væri að gerast í reglugerðarumhverfinu í USA og hvaða framtíðarsýn væri verið að kynna á ráðstefnunni.

Almennar niðurstöður

Ráðstefnan var haldin frá morgni til kvölds þessa þrjá daga sem hún var haldin og var farið inná flest svið jarðgerðar. Fyrirlestrarnir voru af margvíslegum toga allt frá mjög fræðilegum með flóknum formúlum og svo almennari. Einnig voru haldnir svokallaðir „poster presentation“. Viðkomandi hélt 10 – 20 mínútna kynningu um viðfangsefnið og síðan var hægt að kynna sér efnið betur af plakötum og ræða við viðkomandi. Á mynd 3 má sjá eitt af plakötunum en þar er verið að sýna niðurstöður lokaverkefnis. Rannsóknarverkefnið var súrefnisnotkun í jarðgerð svínaskíts. Til gamans má geta þess að sú aðferðarfræði sem SORPA hefur verið að skoða með vinnslu pappa og svínaskíts þekktist ekki meðal þeirra sem ég ræddi við á ráðstefnunni.



Mynd 3

Segja má að ráðstefnan hafi fjallað á mjög breiðum grunni um það sem er að gerast á sviði vinnslu lífræns úrgangs í Bandaríkjunum sem og Evrópu.

Vinnsla lífræns úrgangs í Bandaríkjunum, USA

Garðaúrgangur og að einhverju leyti lífrænn úrgangur frá matsölustöðum og verslun hefur verið jarðgerður til margra ára í Bandaríkjunum. Jarðgerð skíts er einnig viðhöfð í helstu landbúnaðarfylkjum landsins og eru háskólar í viðamikilli samvinnu við bændur innan þessara fylkja. Áburðardreifing með skít hefur minnkað til muna þar sem strangar reglur hafa verið settar varðandi afrennsli yfirborðsvatns frá býlum. Magn lífrænna efna í yfirborðsvatni og mengun grunnvatns var farið að valda erfðleikum. Stærð bóa og fjöldaframleiðsla er gríðarleg og úrgangur frá starfsemi í samræmi við það.

Fjallað var um mismunandi aðferðir sem notaðar eru við vinnslu lífræns úrgangs.

Múgaadferð er mikið notuð í USA og var fjallað um kosti og galla þessarrar aðferðar, kostnaður lágur en vandamál vegna lyktar og að viðhalda jöfnu og stöðugu raka- og hitastigi. Einnig var fjallað um aðrar aðferðir, sambærilegar við þær sem Björn H. Halldórsson fjallar um í skýrslu sinni „Vinnsla lífræns eldhúsúrgangs - nokkrar aðferðir og kostnaður.“

Á mynd 4 má sjá vinnslu í Freiburg, Þýskalandi.



Mynd 4

Gæði og markaðssetning

Fjallað var um gæði og markaðssetningu „moltu“. Talað var um að gæði séu undirstaða markaðssetningar fyrir „moltu“ og er mjög mikilvægt að stýra niðurbrotsferlinu vel. Nægjanlega hátt hitastig 58 °C í allt að 15 daga er nauðsynlegt til að tryggja að bakteríur, arfafræ og annað óæskilegt drepist við ferlið. Hreinleiki efnisins hefur mikil áhrif á markaðssetningu og notkun „moltunnar“ en plast og gler minnka gæði efnisins og notkunarmöguleika. Hitastigið vinnur ekki á þessum efnum og þar kemur inn hreinleiki efnisins við uppruna ferilsins. Aldur jarðgerðarefnisins spilar einnig inni en samkvæmt niðurstöðum rannsókna sem Kimberley Moore frá Flórídaháskóla kynnti, þá er framleiðsla úr 20 mánaða gamalli moltu betri en úr ársgamalli moltu.¹

Vandamálið eru mörg hver af sama toga og hér á landi en í mun stærra mæli. Lyktarvandamál, hreinleika efnisins og það að hafa ekki staðlað gæðakerfi sem farið er eftir.

Til að gera staðlað kerfi sem heldur utan um gæði „moltunnar“ þarf að gera sér grein fyrir til hvaða þátta horfa skal til við gerð gæðastaðals. Það sem oftast er nefnt sýrustig, aldur „moltunnar“, innihald uppleysanlegs salts, inniheldur hún arfafræ og bakteríur, kornastærð, málminnihald, næringarinnihald. Fjallað var um ástralska staðalinn (FAS 4454 – 1999) og CCOQ compost maturity index.²

¹ Kimberley K. Moore and George E. Fitzpatrick. *Sequential Composting to Determine Compost Maturity*. University of Florida, Fort Lauderdale Research and Education Center 3205 Collage Avenue Fort Lauderdale, FL 33314.

² Kevin G. Wilkinson, *Grappling With Compost Down Under*, Agriculture Victoria, Australia.

Mismunandi niðurstöður eru varðandi gróðurhúsaáhrif jarðgerðar. Rannsóknaraðferðir eru mismunandi, í sumum tilfellum er mælt inni hrúgunni en öðrum er mælt útstreymi frá gerjuninni. Samhæfa þarf rannsóknaraðferðir svo ná megi marktækum niðurstöðum.

Notendur og notagildi

Farið var yfir hverjir væru notendur moltunnar og notagildi hennar við mismunandi aðstæður. Í flestum tilfellum var moltan markaðssett fyrir almenning eða garðyrkju- og gróðurhúsabændur. Þar var sýnt fram á mikilvægi þess að hafa vöru sem uppfyllti ákveðnar væntingar og mikilvægi þess að hafa staðlað kerfi til þess að fara eftir við framleiðslu hennar.

Fjallað var um notagildi moltu við urðun. Sýnt var sýnt fram hvernig nota má moltuna sem efsta lagið í haugnum til að draga úr streymi metangass. Felst í því að oxu metanið og minnka með því gróðurhúsaáhrif metansins sem streymir frá urðunarstöðum.³

Lagaumhverfi og framtíðin

Laga- og reglugerðarumhverfi Bandaríkjanna stýrist að mestu leyti af ströngum hagrænum sjónarmiðum. Bandaríkjamenn hafa löngum forðast alþjóðaskuldbindingar og farið sínar eigin leiðir. Þar er lagt upp með nóg landsvæði fyrir urðun og meðan svo er, er og verður úrgangur urðaður að mestu. Að vísu eru sum fylki Bandaríkjanna mjög þéttbýl og þar eru jafnvel strangari reglugerðarumhverfi en almennt í landinu. Hvert og eitt fylki setur sér í raun þau mörk sem skal ná varðandi meðhöndlun úrgangs.

Í Evrópu má segja að umhverfissjónarmið hafi meira vægi, þar er byggð mun þéttbýlli og landsvæði að verða af skornum skammti.

Þegar ráðstefnugestir voru spurðir um það hver sé framtíðin í málaflokknum, hvert stefni og hvort taka eigi lífrænan eldhúsúrgang til jarðgerðar eins og stefnt er að í Evrópu var því yfirleitt svarað að þeir hefðu ekki hugmynd um það. Meðan ofangreind sjónarmið séu við lýði verði ekki mikilla breytinga að vænta á næstunni. Einstaka borgir séu að jarðgera lífrænan úrgang frá íbúum en það sé í frekar litlu mæli.

Eina virka lagaákvæðið sem vitnað var í var að strangar reglur hafa verið settar varðandi afrennsli yfirboðsvatns frá býlum.

Ráðstefnugestir fengu afhentan bækling með úrdráttum úr öllum fyrirlestrum og geisladisk með öllum fyrirlestrum ráðstefnunnar.

Endurvinnslu- og jarðgerðarverkefnum hætt í New York

Um það leyti sem ráðstefnunni lauk bárust þær fréttir að borgarstjóri New York borgar, Michael Bloomberg, ætlaði að skera niður endurvinnslu- og jarðgerðarverkefnum borgarinnar þar sem kostnaður vegna falls Tvíburaturnanna væri að sliga borgina. Sú varð raunin og í dag er aðeins sóttur pappír til íbúanna en hætt var að taka við plasti, gleri og

³ P. Lechner, C. Heiss-Ziegler, M. H. Humer. M, *How Composting Can Optimize Landfilling*. Department of Waste Management, University of Agriculture Sciences, Vienne.

EPA. Run For Cover: Compost Could Cut Landfill Greenhouse Gas Emission. Reusable News. EPA530-N-00-006. Fall 2000.

málmum. Flest jarðgerðarverkefni voru stoppuð en eftir standa jarðgerðarverkefni í fangelsinu á Rikers Island og á urðunarstaðnum Fresh Kills á Staten Island.

Áætlaður sparnaður við vinnslu endurvinnsluefna er um 30 milljón dollarar ($30 \times 87,58 = 2627,4$) og söfnunarkostnaður minnkar um 10 til 15 milljón dollara ($10 \times 87,58 = 875,8$ / $15 \times 87,58 = 1313,7$), samtals sparnaður um 40 – 45 milljón dollara ($45 \times 87,58 = 3931,1$).

Kostnaður við endurvinnslu málma, glers og plasts kostaði tvöfalt meira en það kostaði að safna rusli og vinnslan var einnig mjög dýr í móttökustöðinni (material recovery facility, MFR).

Það kostar New York borg 88 dollara tonnið í urðunargjald, eftir að Fresh Kill urðunarstað New York borgar var lokað en það eru um 12.000+ tonn sem falla til daglega í New York af sorpi (municipal waste).⁴ Talsverð óánægja var með þessa ákvörðun Bloomberg en endurvinnsla verður líklega ekki hafin á nýjan leik í New York á meðan hún kostar meira en flutningur sorps til urðunar.

Með tilliti til þess árangurs sem fylkið hefur náð í endurvinnslu, 29,2% árið 2000 frá 25,9% 1999 samkvæmt árlegri skýrslu frá fylkinu telja sumir margir þessa ákvörðun mikla afturför.

Til fróðleiks

Hreinsun úrgangs eftir fall Tviburaturana var um 1,6 milljón tonn af úrgang sem var að mestu ekið á urðunarstað New York borgar að Fresh Kills. Um 190.000 tonn af málmum fóru í endurvinnslu.⁵

⁴ *Recycling, composting programs cut*. Biocycle, August 2002, bls. 18.

⁵ Upplýsingar eru sóttir í *Waste Management World*, júlí – ágúst 2002 og september - október 2002.

MÓTTÖKU- & FLOKKUNARSTÖÐ



Starfsmannahald

Ársverk í móttöku- og flokkunarstöð, viðhalds- og vinnslusviðum, 17,9 á árinu.

Fastir starfsmenn voru á vinnslusviði 10, auk verkstjóra og viðhaldssviði 3, auk verkstjóra.

Þá voru ráðnir 6 unglingar til vinnu yfir sumarið í garðahóp.

Nýr stöðvarstjóri, Jón Ólafur Vilhjálmsson, tók við 1. febrúar af Ásmundi Reykdal sem hafði verið stöðvarstjóri með miklum ágætum í 10 ár en hann tók við sem rekstrarstjóri endurvinnslustöðva SORPU.

Stöðvarstjóri er Jón Ólafur Vilhjálmsson.

Verkstjóri viðhaldssviðs er Ásmundur Jónsson.

Verkstjóri vinnslusviðs er Ævar Geirdal.

Rekstur og viðhald véla

Rekstur véla var með allra besta móti enda þær flestar nýlegar og mun stærri og afkastameiri en þær sem fyrir voru. Þar af leiðandi voru þær ekki allar á 100% nýtingu og því hægt að gefa sér tíma í fyrirbyggjandi viðhald.

Á viðhaldsdeild var aukið við manni sem sinnir eingöngu fyrirbyggjandi viðhaldi móttökustöðvar og teljum við það hafa skilað sér í minna viðhaldi.



Elsta pressan er komin á tíma, það er 21.288 tíma sem kallast mjög gott miðað við þá vinnslu sem hún hefur verið í.

Henni verður lagt komi upp alvarleg bilun en nú erum við að nýta varahluti úr samskonar pressu sem lagt var á síðasta ári.

Móttökustöðin hætti 1. júlí eyðingu trúnaðarskjala og tók Efnamóttakan hf. þá vinnslu að sér.

Flutningavagnar voru teknir til viðhalds, skipt um klæðningu og þeir málaðir og merktir upp á nýtt.

Pressur

Bára er að verða uppslitin og er eingöngu keyrð við böggun á pappír .

Linda er eingöngu við böggun á sorpi.

Pála er við böggun á sorpi og bylgjupappa.

Gangtími véla við áramót		
Vél	2002	2001
Bára	21.288 klst	20.188 klst
Linda	12.045 klst	10.099 klst
Pála	3.224 klst	1.139 klst
Herkúles (sorphakkavél)	10.402 klst	
Timburtætari	3.375 klst	

Húsnæði og umhverfi

Hafist var handa á haustdögum við að hreinsa loft og loftbita í þaki móttökustöðvar, það er mikið verk en stefnt er á að ljúka þeirri hreinsun fyrir páska. Í kjölfarið verður skipt um allar ljósaperur í lofti stöðvarinnar.

Þá var byrjað á að skipta um klæðningar á lagnastokkum þar sem klæðning og einangrun voru hvorutveggja orðin mjög léleg og hugsanlega hættu á ferðum.

Settir hafa verið tímarofar á allar vatnsdælur til að spara rafmagn og vatn.

Þá er búið að setja upp tölvustýringu á snjóbræðslu í plani og göngustígum ásamt gólfi stöðvarhússins til að spara og auka nýtingu á heitu vatni.

Þá þarf einnig að stækka varmaskiptinn í sama tilgangi .

Í starfsmannaaðstöðu voru kaffistofa og snyrting tekin í gegn, skipt um gólfefni og innréttingar.

Útisvæði

Viðhald á hreinsiprófum hefur verið með hefðbundnum hætti, skipt um sand 4 sinnum á árinu.



Þá var farið í að bleyta timburkurlið með vatni, um leið og það er malað til að minnka fok bæði á Grundartanga og í Gufunesi.

Einnig var breytt færibaldi frá timburkurlara með það að markmiði að minnka fok á timburkurli.

Það komu dagar sem ekki var hægt að kurla vegna foks.

Vatnsnotkun í móttökustöð er þannig:

Kalt vatn er 30.746 lítrar

Heitt vatn er 30.199 lítrar

Það fer allt kalt vatn um útrás í gegnum hreinsiprærnar en um fjórðungur heita vatnsins.

Þá fer öll úrkoma er fellur á plön umhverfis stöðina í gegnum hreinsiprær.

Viðhald útisvæðis hefur verið með svipuðum hætti frá ári til árs nema að nú tók SORPA að sér stærra svæði, það er svæði sem áður tilheyrði Áburðarverksmiðjunni við skrifstofur. Til að létta störfin var keyptur sláttutraktor og fjölgað í garðahópnum úr sex í sjö.

Breyting á opnunartíma

Opnunartími móttökustöðvar er alla virka daga frá 07:30 - 18:00 en honum var breytt 2. janúar 2002 vegna þarfa markaðarins.

Á laugardögum var opið frá 08:30 – 15:00 fyrir alla en 1. nóvember var ákveðið að hætta að manna vigt og hafa einungis opið fyrir fasta viðskiptavinum með viðskiptakort, það hafði sýnt sig að ekki var þörf fyrir þessa opnun.

Það er öllum bent á að þeir geta fengið viðskiptakort og orðið fastir viðskiptavinir þurfi þeir á laugardagsþjónustu að halda.

Þá var opið á sunnudögum frá maí til sept fyrir fasta viðskiptavinum frá kl 13 – 17.

Móttaka úrgangs í móttöku-og flokkunarstöð árið 2002

Heildaraukning á innvegna magni í stöð jókst um 4,7% miðað við árið 2001 sjá töflu XIII.

Innvegið magn úrgangs í tonnum		
	2002	2001
Alls móttekið	111.535	106.520
Frá sorphirðu sveitarfélaga	43.413	43.397
Frá endurvinnslustöðvum	17.493	17.170
Frá öðrum	50.629	45.953

Skiptingu úrgangs til endurvinnslu frá móttökustöð má sjá í töflu XIV.

Til endurvinnslu frá móttöku- og flokkunarstöð í tonnum		
	2002	2001
Timburflís	10.869	10.691
Pappi og pappír	7.725	7.255
Málmur	732	678
Plast	19	5
Hjólbarðar	192	86
Sláturúrgangur	352	1.815

Sú breyting varð í apríl að Gámaþjónustan hf. tók að sér söfnun kjötúrgangs til flutnings til Kjötmjöls ehf., Selfossi. Það skýrir minnkun á milli ára á kjöti til endurvinnslu.

Magntölur og endurvinnsla

Í töflu XV má sjá nánari skiptingu á innvegna magni í tilteknum flokkum úrgangs⁶.

Móttaka úrgangs					
	2002	2001		2002	2001
Neyslusorp fl 101	78.083	70.980	Pappi	1.947	2.130
Timbur ólitað	8.910	10.157	Gæðapappír	1.984	883
Dagblöð/ tímarit	4.053	5.047	Trúnaðarskjöl	42	80
Timbur litað	4.861	4.501	Kjöt til endurvinnslu	963	2.437
Hjólbarðar	193	64	Drykkjarfernur	151	90

⁶ Nánari tölulegar upplýsingar fást í töflunni töflum móttökustöðvar í viðauka um **Magntölur**.

Verktakar

Vinnuvélaverktaki, Jens Guðmundsson, hefur eins og undanfarin ár, séð um vélavinnu við móttöku og flokkun auk ýmissa tilfallandi verkefna.

Hreinsun og flutningur ehf. hafa séð um flutninginn innanhúss og innan athafnasvæðis.

Hj bílar ehf., sjá um flutninga á sorpböggum á urðunarstað í Álfsnesi ásamt flutningi á timburkurlu til Ij á Grundartanga.

Verktaki hóf um miðjan janúar verk samkv. útboði við mötun og forbrot í timburkurlara

Það gekk á ýmsu í því þannig að þeir voru leystir undan samningi og við leituðu leiða til að gera þessa hluti á annan hátt, en þar til er leigð vél og einn starfsmaður móttökustöðvar vinnur á henni.

Erlend samskipti

Boðið var út á Evrópska efnahagssvæðinu, kaup á bindivír í janúar og bárust tvö tilboð, það hagstæðara frá RJR trading fyrir Prager Sthalhandel sem var með vírsamning fyrir en verð lækkaði frá fyrri samningi um 7 %. Samingur var gerður í framhaldi af útboðinu sem nær til 2004 og inniheldur 340 tonn af vír út samningstímann.

Verkstjóri vinnslusviðs ásamt sviðsstjóra á viðhaldssviði fóru á sýningu í Þýskalandi sem nefnist IFAT og sýnir tæki til vinnslu og meðferð á sorpi.

Þá fór stöðvarstjóri ásamt verkstjóra viðhaldssviðs til Svíþjóðar og heimsóttu I L Recycling í Gautaborg og pappírsendurvinnslu í Lilla Edet til að kynna sér þá starfsemi og styrkja samskiptin við þá en þeir kaupa af SORPU allan þann pappír sem fer til endurvinnslu. Einnig var farið á sýningu í Stokkhólmi. Skoðuð voru tæki til timburvinnslu, í og við Stokkhólm, með það í huga að finna tæki sem gæti nýst í forbrot á timbri.


Það er ljóst að með þeirri vél breytist sá vélakostur sem við höfum í verktöku og leiðir til aukins hagræðis í vinnslu á timbri og gerir starfsemina vistvænni þar sem brennsla á olíu minnkar nokkuð.

Rannsóknarverkefni, flokkun á húsasorpi

Rannsóknir á innihaldi húsasorps hafa verið gerðar árlega frá árinu 1999. Verkefnið er í stöðugri þróun, flokkum hefur fjölgað eins og sjá má í töflu XVI sem sýnir samanburð heildarniðurstaðna. Á mynd 5 má sjá hlutfallslega skiptingu úrgangsins í tilteknum flokkum.

Tafla XVI

Rannsóknarverkefni: Flokkun húsasorps								
Samanburður heildarniðurstaðna 1999 - 2000 – 2001 - 2002								
Tegund úrgangs	júl.99		Sept-okt 2000		nóv-des 2001		nóvember-2002	
	Kg.	%	Kg	%	Kg	%	Kg	%
Pappi	169,5	10,73%	148	9,55%	106,5	5,46%	88	6,23%
Dagblöð	171,5	10,86%	249,5	16,10%	236	12,11%	172,5	12,22%
Plast blandað án skilagj	164,5	10,41%	228,5	14,74%	74,5	3,82%	22,7	1,61%
Gler án skilagj	23,8	1,51%	53	3,42%	41,9	2,15%	43,2	3,06%
Gler með skilagj.	25,5	1,61%	8	0,52%	20,5	1,05%	22,5	1,59%
Fatnaður	62	3,92%	57	3,68%	54,5	2,80%	49	3,47%
Plastumbúðir án skilagjalds	0	0,00%	0	0,00%	144,5	7,41%	172,5	12,22%
Plastumb. með skilagj.	11	0,70%	11	0,71%	14,1	0,72%	7,5	0,53%
Gosdósir	6,5	0,41%	7	0,45%	9	0,46%	5,4	0,38%
Málmar	47	2,98%	47	3,03%	49,8	2,55%	40	2,83%
Tímbur	3,5	0,22%	14,5	0,94%	8	0,41%	9,1	0,64%
Mjólkur/drykkjarumb.	42	2,66%	52,5	3,39%	67,5	3,46%	45	3,19%
Garðaúrgangur	59	3,73%	7	0,45%	25,5	1,31%	4,3	0,30%
Blejur	75	4,75%	65,5	4,23%	113	5,80%	104	7,37%
Spilliefni	12,5	0,79%	17,5	1,13%	12,7	0,65%	4,9	0,35%
Sorp	183,5	11,62%	153	9,87%	353,3	18,12%	247,5	17,53%
Mataraleifar	523	33,11%	431	27,81%	610	31,29%	363	25,72%
Gólfúður/rafeindatæki	0	0,00%	0	0,00%	8	0,41%	0	0,00%
Raftæki	0	0	0	0	0	0	7,7	0,55%
Vax	0	0	0	0	0	0,00%	2,8	0,20%
Samtals	1579,8	100,00%	1550	100,00%	1949,3	100,00%	1411,6	100,00%



Mynd 5

ENDURVINNSLU- STÖÐVAR



Starfsmannahald

Árið 2002 voru ársverk á endurvinnslustöðvum 38,5, (35,6 árið 2001) fastráðnir starfsmenn og sumarstarfsmenn. Fjölgun ársverka milli ára er vegna þess að á mesta annatíma sumarsins, þurfti að bæta inn auka mönnum um helgar.

Umsjónarmenn eru Steinunn Jónsdóttir og Stefán Örn Einarsson. Rekstrarstjóri er Ásmundur Reykdal.



Verktakar

Sömu verktakar sinntu flutningum, ílátaleigu og þjónustu við endurvinnslustöðvarnar og á sl. ári.

Gámastöðin ehf., endurvinnslustöðinni Jafnaseli, Breiðholti.

Íslenska Gámafélagið ehf., endurvinnslustöðvunum við Miðhraun í Garðabæ og Dalveg í Kópavogi.

Gámaþjónustan hf. endurvinnslustöðvunum á Kjalarnesi, Mosfellsbæ, Bæjarflöt, Sævarhöfða og við Ánanaust.

Vélaverktaki Jens Guðmundsson, vann við kurlun garðaúrgangs sem til stöðvanna barst, og var notaður til moltugerðar í Álfsnesi.

Helstu framkvæmdir

Viðhald endurvinnslustöðva

Á árinu var lokið við malbikun athafnasvæðis endurvinnslustöðvarinnar við Jafnasel í Breiðholti og einnig var hafin endurnýjun á hluta girðingar stöðvarinnar. Í stað vírnetsgirðingar var sett trégirðing með standandi klæðningu um hluta athafnasvæðisins.

Samræmd flokkunarkerki

Teknar voru upp nýjar merkingar á endurvinnslustöðvunum samkvæmt nýju merkingakerfi kenndu við FENÚR, þar sem leiðbeiningar um flokkun eru settar fram á myndrænan hátt.

Breytingar á fatasöfnunargámum

Í samvinnu við fatasöfnunardeild Rauða krossins í Reykjavík, fengu fatasöfnunargámar andlitslyftingu, voru málaðir í einkennislitum Rauða krossins; hvítir með rauðum krossi.

Endurteknar nýjungar

Um mitt sumar var hafin sala á moltu á endurvinnslustöðvunum á ný eftir að hafa legið niðri um árabíl. Í þetta sinn var boðið uppá tvær tegundir Moltu og PottaMoltu, sem var pakkað í smekklega 25 kg. plastpoka.

Skilagjaldsumbúðir


Heildar-N														360	650																					
Mangan	4	2.5					2.6																													
Kopar	<0,05	<0,5					<0,05							<0,04	<0,02																					
Kadmíum	<0,01	<0,01					<0,01							<0,01	<0,004																					
Blý	<0,08	<0,08					<0,08							<0,05	<0,05	0.011	<0,3																			
Sínk	0.05	0.12					0.13							0.11	0.11																					
Króm	0.07	0.12					0.17							0.14	0.19																					
Járn	15	24					25							26	29																					
Kvikasilfur	<0,5	<0,5					<0,5							<0,8	<0,5																					
Arsen														<0,014	0,018																					
Hitastig	12.6	14.4	10	16.3			11							16.5																						
pH/Hitastig	7,18/22	6,80/23	7,05/25	5,33/19	7.1		7.1							6,77/20	6,79/22	7.43																				
Leiðni	528	510	740	600	601.2		789							489	610	802																				
COD	550	940	1490	1900	1476		1440							1050	1400	1720																				
TOC																																				
Liffræn klórsambönd	0.47	0.43					0.57							0.28	0.54																					
Ólía og fita	7,5+16	0,5+3.4					6,9/31							1.3	1+0,1																					
Sápuefni, anjónuð.							0.2																													
BOD5																																				
Kólígertar 35 C																																				
Kólígertar 44 C																																				
Heildargerlar																																				
ATH (1) Sýnataka fyrir 1999. Hún tafðist þar sem sýnatökubúnaður týndist á leið frá Danmörku.																																				
ATH (2) Sýni tekið í safnþró. Einnig mælt: Súlfíð < 0.01 mg/l og súlfat = 2.5 mg/l.																																				

Staður: Sjórvíð sunnanvert Álfsnes. Merki AS-03. Sýni tekin 1991-2001													
Dagsetning sýnatöku	10/30/1990	8/28/1991	6/8/1993	9/21/1993	6/14/1994	6/13/1995	7/16/1996	8/10/1997	9/8/1998	18.1.2000+	10/16/2001		
Ramsökunarstofnun	KK	KK	KK	ITI	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK		
Efnasambönd												Einingar	
Nítrít-N	<0,01	0,01	0,002		0,001	0,001	<0,001	<0,001	0,003			mg/l	
Nítrat-N	0,18	0,01	<0,01		0,01	<0,01	0,16	0,02	0,05	0,24	0,084	mg/l	
Klórlóð	17,800	11,600	19,000									mg/l	
Fosfat-P	0,09	<0,01	<0,01		<0,01	<0,01	0,04	<0,01	<0,01	<0,2	<0,05	mg/l	
Ammoníum-N	<0,03	<0,03	0,03		0,03	0,03	0,01	0,03	0,02	<0,3	0,032	mg/l	
Nikkel											<0,02	mg/l	
Natríum	9,700	8,100	10,300									mg/l	
Mangan	0,015											mg/l	
Kopar	<0,002	<0,03	<0,05		<0,05	<0,05	<0,05	<0,05	<0,05			mg/l	
Kadmíum	<0,002	<0,008	<0,008		<0,008	<0,008	<0,01	<0,01	<0,01	<0,01	<0,004	mg/l	
Bly	<0,005	<0,05	<0,05		<0,05	<0,05	<0,08	<0,08	<0,08	<0,05	<0,05	mg/l	
Sínk	0,004	0,01	<0,01		0,02	<0,01	0,04	0,02	0,013			mg/l	
Króm	<0,0005	<0,08	<0,08		<0,08*	<0,08*	<0,05*	<0,05*	<0,05*			mg/l	
Járn	0,01	<0,06	<0,06		<0,07	<0,06	0,08	<0,07	<0,07			mg/l	
Kvikasilfur	<0,2	<0,5	1,5**	0,029	<1	<1	<0,5	<0,5	<0,5	<0,8	<0,2	ug/l	
Hitastig	6,0	10,2	7,0		7,7	10,3	11,0	11,0	10,8	2,3	8,3	°C	
pH/Hitastig	7,75/19,5	7,71/23	7,85/23		7,66/23,4	7,71/23	7,77/23	6,89/23	7,45/19	7,73/20	7,74/22	pH/°C	
Leiðni	4,580		4,600		4570	3840	4180	4080	4050	3890	4410	mS/m	
COD	31	45*	27		50*	85*	130*	48*	96*		21	mg/l	
TOC		<5*	<5									mg/l	
Lifræn klórsambönd	<0,001											mg/l	
Olía og fita	<0,1	<0,1*	<0,1*							<0,2	<0,15	mg/l	
Sápuefni, anjónuð.	<0,05	<0,05*	<0,05*									mg/l	
BOD5	<2		<2*									mg/l	
Kólígerlar 35 C	240		13*									gerlar/100ml	
Kólígerlar 44 oC	27		<1*									gerlar /100 ml	
Heildargerlar	320		69*									gerlar/ml	
* Sjósýnum GS-12, AS-03 og AS-04 blandað saman og blandan efnagreind.													
** Sennilega mistök við sýnatöku. Mæling endurtekin 21.09.93													
+ Sýnataka fyrir 1999. Hlún tafðist þar sem sýnatökubúnaður týndist á leið frá Danmörku.													

Staður: Sjórvestan við Álfsnes. Merki AS-04. Sýni tekin 1990-2001

Dagsetning sýnatöku.	10/30/1990	8/28/1991	6/8/1993	9/21/1993	6/14/1994	6/3/1995	7/16/1996	8/18/1997	9/8/1998	18.1.2000+	10/16/2001
Rannsóknarstofnun	KK	KK	KK	ITÍ	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK
Efnasambönd											Einingar
Nítrít-N	<0,01	<0,01	<0,001		0,001	<0,001	<0,001	0,001	0,003		mg/l
Nítrat-N	0,18	0,02	<0,01		0,03	0,02	0,16	0,04	0,05	0,17	mg/l
Klóríð	18,100	18,300	18,900								mg/l
Fosfat-P	0,09	<0,01	<0,01		0,03	<0,01	0,05	<0,01	<0,01	<0,2	mg/l
Ammoníum-N	<0,03	<0,03	<0,01		0,02	0,4	<0,01	0,04	0,04	<0,3	mg/l
Nikkel											mg/l
Natríum	9,500	9,500	11,000								mg/l
Mangan	0,017										mg/l
Kopar	<0,002	<0,03	<0,05		<0,05	<0,05	<0,05	<0,05	<0,05	<0,05	mg/l
Kadmíum	<0,002	<0,008	<0,008		<0,008	<0,008	<0,01	<0,01	<0,01	<0,01	mg/l
Bly	<0,005	<0,05	<0,05		<0,05	<0,05	<0,08	<0,08	<0,08	<0,05	mg/l
Sink	<0,003	<0,01	0,01		0,02	0,04	0,01	0,02	0,014		mg/l
Króm	<0,0005	<0,08	<0,08		<0,08*	<0,08*	<0,05*	<0,05*	<0,05*		mg/l
Járn	0,02	<0,06	<0,06		<0,07	<0,06	0,08	<0,07	<0,07		mg/l
Kvikasilfur	<0,2	<0,5	6,0**	0,001	<1	<1	<0,5	<0,5	<0,5	<0,8	ug/l
Hitastig	6,3	11,1	7,2		8,4	10,0	11,1	11,3	10,8	2,3	°C
pH/Hitastig	7,75/19,5	7,81/23	7,95/23		7,85/23,5	7,63/23	7,86/23	6,51/23	7,62/19	7,68/20	pH/°C
Leiðni	4,570		5,200		4,720	4,480	4,330	4,280	4,080	4,210	mS/m
COD	38	45*	25		50*	85*	130*	48*	96*		mg/l
TOC		<5*	<5								mg/l
Lífæren klórsambönd	<0,001										mg/l
Olía og fita	<0,1	<0,1*	<0,1*							<0,2	mg/l
Sápuæfni, anjónuð.	<0,05	<0,05*	<0,05*								mg/l
BOD5	<2		<2*								mg/l
Kóligerlar 35 C	240		13*								gerlar/100ml
Kóligerlar 44 oC	17		<1*								gerlar /100 ml
Heildargerlar	310		69*								gerlar/ml
*Sjósýnum GS-12, AS-03 og AS-04 blandað saman og efnagreind											
**Mæling endurtekin 21.09.93. Sennilega mistök við sýnatöku.											
+ Sýnataka fyrir 1999. Hún tafðist þar sem sýnatökubúnaður týndist á leið frá Danmörku.											

Staður: Borhola ÁN-2. Álfnesi. Merki AV-07. Sýni tekin 1990 - 2002												
Dagsetning sýnatöku.	10/30/1990	8/28/1991	5/4/1992	6/8/1993	9/14/1994	6/13/1995	7/16/1996	8/18/1997	08.08.98**	9/27/2000	10/1/2002	
Rannsóknarstofnun	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	
Efnasambönd	Einingar											
Nítrít-N	0.02	<0,01	<0,01	0.017	0.007	0.06	0.003	0.4	0.05			mg/l
Nítrat-N	<0,1	<0,5	<0,1	0.02	<0,01	<0,01	0.02	<0,01	<0,01	<0,01	<0,02	mg/l
Klóríð	60		36									mg/l
Fosfat-P	0.09	<0,01*	<0,01	<0,01	0.01	<0,01	0.02	0.04	0.34			mg/l
Ammoníum-N	0.13	<0,03	0.5	0.16	0.09	0.17	0.04	0.07	0.44	0.96	0.029	mg/l
Heildar-karbónat-CO2										590.4	447.2	mg/l
Natrium	30			57*								mg/l
Mangan	1	0,22*	0,25*	0,24*	0,23*	0,22*	0,24*	0,24*	0,24*			mg/l
Kopar	<0,002	<0,03*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*			mg/l
Kadmíum	<0,001	<0,008*	<0,008*	<0,008*	<0,008*	<0,08*	<0,01*	<0,01*	<0,01*	<0,004	<0,005	mg/l
Bly	<0,005	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,08*	<0,08*	<0,08*	<0,05	<0,03	mg/l
Sínk	<0,003	0,04*	<0,01*	<0,01*	0,01*	0,12*	0,02*	0,02*	0,025*			mg/l
Króm	<0,0008	<0,08*	<0,08*	<0,08*	<0,08*	<0,08	<0,05*	<0,05*	<0,05*			mg/l
Járn	38.4	28	41	12	38	39	40	41	37			mg/l
Kvikasilfur	<0,2	<0,5	<0,5	<0,5	<1	<1	<0,5	<0,5	<0,5	<0,5	0.2	ug/l
Hitastig	8.4	7.9	7.8	7.3	7.2	7.3	7.7	7.6	7.3	6.1	8.1	°C
pH/hitastig	6,61/19,5	6,57/22,5	6,4/22,5	6,42/24,7	6,87/23,7	6,58/22,5	6,49/22	6,31/23	6,26/19	8,62/24,5	6,61/25	mS/m
Leiðni	62	55	48	55	47.8	51	54	79.2	41.8	45	40.3	mg/l
COD	31	12*	8*	12*	10*	10*	40*	12*	14*	19	24	mg/l
TOC		<5*	<5*	7								mg/l
Lifræn klórsambönd	<0,0001	0.007	0,005*	<0,003*	<0,013*	<0,005*	0.006	<0,0046*	<0,0052*	0.027	0.013	mg/l
Olía og fita	0.1											mg/l
Sápuefni, anjónuð.	<0,05											mg/l
BOD5	<2	<2*	<2*	<2*			0.04*	<0,05*	0,07*			mg/l
Kólígerlar 35 C	<1		1*	<1*								gerlar/100ml
Kólígerlar 44 C			<1*	<1*								gerlar /100 ml
Heildargerlar	5		3100*	12000*								gerlar/ml
* Sýnum úr borholum ÁN-2, ÁN-3, ÁN-4 og ÁN-5 blandað saman og blandan efnagreind												
** mjög lítið vatn var í hollu												

Staður: Borhola ÁN-3. Álfnesi. Merki AV-08. Sýni tekin 1990 - 2000. Hóla ónýt 2002.

Dagsetning sýnatöku.	10/30/1990	8/28/1991	5/4/1992	6/8/1993	6/14/1994	6/13/1995	7/16/1996	8/18/1997	9/8/1998	9/27/2000	
	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	
Rannsóknarstofnun	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	Einingar
Efnasambönd											
Nítrít-N	<0,01	<0,01	<0,01	<0,001	0,001	0,001	<0,001	<0,001	0,001	0,001	mg/l
Nítrat-N	<0,1	<0,5	<0,1	<0,01	0,03	<0,01	0,02	0,02	0,02	<0,01	mg/l
Klóríð	42			30							mg/l
Fosfat-P	0,02	<0,01*	0,05	0,01	0,03	<0,01	0,03	0,02	0,01	0,01	mg/l
Ammoníum-N	1,34	1,00	1,3	0,81	0,70	0,80	0,7	0,62	0,82	0,92	mg/l
Heildar-karbonsat-CO2										16,5	mg/l
Natríum	78			57*							mg/l
Mangan	0,001	0,22*	0,25*	0,24*	0,23*	0,22*	0,24*	0,24*	0,33*	0,33*	mg/l
Kopar	<0,002	<0,03*	<0,05*	<0,05*	<0,05	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	mg/l
Kadmíum	<0,001	<0,008*	<0,008*	<0,008*	<0,08*	<0,008*	<0,01*	<0,01*	<0,01*	<0,004	mg/l
Bly	<0,005	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,08*	<0,08*	<0,08*	<0,05	mg/l
Sink	0,011	0,04*	<0,01*	<0,01*	0,01*	0,12*	0,02*	0,02*	0,025*	0,025*	mg/l
Króm	0,0005	<0,08*	<0,08*	<0,08*	<0,08*	<0,08*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	mg/l
Járn	0,26	<0,06	<0,06	<0,06	<0,07	<0,06	<0,07	<0,07	<0,07	<0,07	mg/l
Kvikasilfur	0,3	<0,5	<0,5	<0,5	<1	<1	<0,5	<0,5	<0,5	<0,5	ug/l
Hitastig	17,1	14,8	13,1	16,7	12,9	15,2	15,6	15,2	13,1	15,1	
pH/hitastig	10,75/19,5	10,80/22,4	11,26/13,1	10,88/24,7	10,96/23,7	10,64/21,8	11,89/22	11,10/23	10,53/19	11,08/23,7	
Leiðni	46,5	45	46	57	45,6	46,5	47,8	45,1	51,2	46,2	mS/m
COD	<5	12*	8*	12*	10*	10*	40*	12*	14*	<10	mg/l
TOC		<5*	<5*	<5							mg/l
Lifræn klórsambönd	<0,0001	<0,004	0,005*	<0,003*	<0,013*	<0,005*	<0,006*	<0,0046*	<0,0052*	0,016	mg/l
Olía og fita	0,1										mg/l
Sápuefni, anjónuð.	<0,05					0,04*	0,1*	<0,05*	0,07*		mg/l
BOD5	<2		<2*	<2*							mg/l
Kólígerlar 35 C	<1		1*	<1*							gerlar/100ml
Kólígerlar 44 C			<1*								gerlar /100 ml
Heildargerlar	<1		3100*	12000*							gerlar/ml

* Sýnum úr borholum ÁN-2, ÁN-3, ÁN-4 og ÁN-5 blandað saman og blandan efnagreind

Staður: Borhola ÁN-4. Álfisnesi. Merki AV-09. Sýni tekin 1990 - 2002

Dagsetning sýnatöku.	10/30/1990	8/28/1991	5/4/1992	6/8/1993	6/14/1994	6/13/1995	7/16/1996	8/18/1997	9/8/1998	9/27/2000	10/1/2002
Rannsóknarstofnun	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	Ekkert	KK
Efnasambönd										vatn í holu	Einingar
Nitrit-N	<0,01	<0,01	<0,01	<0,001	<0,001	<0,001	0,001	0,002	0,002	0,002	mg/l
Nitrat-N	<0,1	<0,05	<0,1	0,02	0,04	<0,01	0,14	0,02	0,03	0,03	0,12 mg/l
Klóríð	72			61							mg/l
Fosfat-P	0,03	<0,01*	<0,01	0,02	0,03	<0,01	0,03	0,02	0,02	0,02	mg/l
Ammonium-N	0,11	<0,03	0,1	0,02	0,10	0,01	<0,01	0,02	0,03	0,03	0,021 mg/l
Heildar-karbónat-CO2											145,7 mg/l
Natrium	71			57*							mg/l
Mangan	0,1	0,22*	0,25*	0,24*	0,23*	0,22*	0,24*	0,24*	0,33*	0,33*	mg/l
Kopar	0,01	<0,03*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	mg/l
Kadmium	<0,001	<0,008*	<0,008*	<0,008*	<0,008*	<0,008*	<0,01*	<0,01*	<0,01*	<0,01*	<0,005 mg/l
Bly	<0,005	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,08*	<0,08*	<0,08*	<0,08*	<0,03 mg/l
Sink	0,01	0,04*	<0,01*	<0,01*	0,01*	0,12*	0,02*	0,02*	0,025	0,025	mg/l
Króm	<0,0008	<0,08*	<0,08*	<0,08*	<0,08*	<0,08*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	mg/l
Járn	0,66	0,53	0,3	0,21	0,25	0,07	0,17	0,16	<0,07	<0,07	mg/l
Kvikasilfur	<0,2	<0,5	<0,5	<0,5	<1	<1	<0,5	<0,5	<0,5	<0,5	<0,2 ug/l
Nikkel											<0,03 mg/l
Hlitastig	15,9	17,3	16,8	17,1	20,0	16,8	17	16,4	16,7	16,4	16,4 °C
pH/hitastig	8,40/19,6	8,37/16,9	7,10/22,3	7,72/24,7	8,32/23,5	7,44/22,4	7,98/23	7,90/23	7,28/19	7,91/23	7,91/23
Leiðni	54,5	52	48	58	49,8	48,3	40,2	50,1	48	48	52,5 mS/m
COD	14	12*	8*	12*	10*	10*	40*	12*	14*	14*	<10 mg/l
TOC		<5*	<5*	<5							mg/l
Lífræn klórsambönd	<0,0001		0,005*	<0,003*	<0,013*	<0,005*	0,006*	<0,0046*	<0,0052*	<0,0052*	<0,01 mg/l
Olía og fita	0,1										mg/l
Sápuefni, anjónuð.	<0,05						0,04*	<0,05*	0,07*	0,07*	mg/l
BOD5	<2		<2*	<2*							mg/l
Kólígerlar 35 C	<1		1*	<1*							gerlar/100ml
Kólígerlar 44 C			<1*								gerlar /100 ml
Heildargerlar	12000		3100*	12000*							gerlar/ml

* Sýnum úr borholum ÁN-2, ÁN-3, ÁN-4 og ÁN-5 blandað saman og blandan efnagreind

Staður: Borhola ÁN-5. Álfnesi. Merki AV-06. Sýni tekin 1990 - 2002												
Dagsetning sýnatöku.	10/30/1990	8/28/1991	5/4/1992	6/8/1993	6/14/1994	6/13/1995	7/16/1996	8/18/1997	08.09.98**	9/27/2000	10/1/2002	
Rannsóknarstofnun	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	KK	
Efnasambönd												Einingar
Nítrít-N	<0,01	<0,01	<0,01	0,002	0,002	0,001	0,002	<0,001	<0,001	0,036		mg/l
Nítrat-N	<0,1	<0,5	<0,1	0,19	0,06	0,07	0,15	0,06	0,03			0,037 mg/l
Klórlíó	49			40								mg/l
Fosfat-P	0,04	<0,01*	0,02	0,03	0,04	0,02	0,12	0,02	0,02			mg/l
Ammoníum-N	0,03	<0,03	0,06	0,22	0,01	0,04	3,2	0,51	0,02	0,014		0,022 mg/l
Heildar-karbónat-CO2										177,3		160,1 mg/l
Natríum	38			57*								mg/l
Mangan	0,02	0,22*	0,25*	0,24*	0,23*	0,22*	0,24*	0,24*	0,33*			mg/l
Kopar	0,009	<0,03*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*			mg/l
Kadmíum	<0,001	<0,008*	<0,008*	<0,008*	<0,008*	<0,008*	<0,001*	<0,01*	<0,01*	<0,004		<0,005 mg/l
Bly	<0,005	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,05*	<0,08*	<0,08*	<0,08*	<0,05		0,035 mg/l
Sink	<0,003	0,04*	<0,01*	<0,01*	0,01*	0,12*	0,02*	0,02*	0,025			mg/l
Króm	<0,0005	<0,08*	<0,08*	<0,08*	0,08*	<0,08*	<0,05*	<0,05*	<0,05*			mg/l
Járn	<0,01	<0,06	<0,06	<0,06	<0,07	<0,06	0,09	0,16	<0,07			mg/l
Kvikasilfur	<0,2	<0,5	<0,5	<0,5	<1	<1	<0,5	<0,5	<0,5	<0,5		<0,2 ug/l
Hitastig	8,8	8,5	8,8	9,4	6,5	7,1	6,6	7,9	7,2	7,9		8,1 °C
pH/hitastig	7,37/19	7,73/8,5	6,74/22,4	6,87/24,2	7,45/23,6	6,41/22	6,83/22	6,34/23	6,46/19	8,39/23,5	7,07/21	
Leiðni	53,5	44	42	53	37,2	36	40,2	40,3	36,8	42,2		40,3 mS/m
COD	13	12*	8*	12*	10*	10*	40*	12*	14*	<10		<10 mg/l
TOC		<5*	<5*	<5								mg/l
Lifræn klórsambönd	<0,0001	<0,004	0,005*	<0,003*	<0,013	<0,005*	0,006*	<0,0046*	<0,0052*	0,028		<0,01 mg/l
Olía og fita	<0,1											mg/l
Sápuæfni, anjónuð.	<0,05							<0,05*	0,07			mg/l
BOD5	<2	<2*	<2*	<2*								mg/l
Kóligerlar 35 C	<1	1*	1*	<1*								gerlar/100ml
Kóligerlar 44 C		<1*	<1*									gerlar /100 ml
Heildargerlar	5700		3100*	12000*								gerlar/ml
* Sýnum úr borholum ÁN-2, ÁN-3, ÁN-4 og ÁN-5 blandað saman og blandan efnagreind								**Mjög lítið vatn í hollu				

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Snefilefnastofa

Athugun á upptöku nokkurra ólífrænna snefilefna í krækling við losunarstað sigvatns frá urðunarstað SORPU í Álfsnesi haustið 2002.

1. INNGANGUR

Að ósk SORPU fór fram athugun á upptöku ólífrænu snefilefnanna kvikasilfurs, kadmíns, kopars, króms, nikkels, sinks, járns, mangans, blýs, arsens og silfurs í krækling við útrásarop sigvatns frá Álfsnesi. Auk ólífrænu snefilefnanna var mæld fita og þurrefni en líffræðilegu þættirnir lengd, þyngd, þyngd vöðva, þyngd skelja og breidd hvers einstaklings var skráður.

Tengiliður SORPU var Björn Halldórsson, yfirverkfræðingur á Þróunar- og tæknideild.

Umsjón, efnamælingar, mælingar á líffræðilegum ástandsþáttum, úrvinnsla og skýrslugerð var í höndum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Verkefnisstjóri: Guðjón Atli Auðunsson.

Vinna með krækling og vinna með hnit var í höndum Jarðfræðistofu Kjartans Thors. Tengiliður: Kjartan Thors.

Þann 17/09/2002 var kræklingur sóttur af línu nálægt Geirshólma í Hvalfirði, honum komið fyrir í annars vegar banka rétt utan við Katanes í Hvalfirði (1m undir stórstraumsyfirborði en dýpi á þessum stað er um 30m), og hins vegar við útrásarop sigvatns frá urðunarstað SORPU við Álfsnes. Hnit bankans í Hvalfirði voru eftirfarandi (gráður, mínútur og tíundu hlutar mínút)

64°22.75' og 21°42.5'

Þann 17/09/02 var sýni af kræklingi jafnframt tekið á rannsóknastofu til mats á upphafsástandi. Útrásarendi siglagnarinnar er um 100m frá landi og á um 2m dýpi. Ekki sást til enda lagnarinnar né rörið sjálf vegna mikils þara á svæðinu. Búr var því lagt samkvæmt hnitum á teikningu lagnarinnar, sjá viðauka I, og voru hnitin umreiknuð í UTM, Hjörsey55 við staðsetningu lagnarinnar (önnur hnit eru hér til frekari upplýsinga við hugsanlega frekari vinnu síðar), tafla I.

Tafla I Hnit lagnarinnar við Álfsnes.

Grunnur hnitakerfis		
Reykjavíkurnhit	x = -14.057	y = 22.658
UTM, Hjörsey55	x= 462967	y=7118260.98
UTM, WGS84	x=462984	y= 7118051.83
ISNET	x= 365799.80	y=412276.13
Landskerfi	x= -682778.70	y= 414805.14
Baughnit, Hjörsey Datum	64°11.2258'	21°45.7324'
Baughnit, WGS84 Datum	64°11.2258'	21°45.7131'


Sunnudaginn 24/11/2002 var kræklingubúr við Álfsnes sótt ásamt sýni úr kræklingabanka við Katanes en þetta bankasýni er notað til mats á náttúrulegum breytileik meðan kræklingur var úti við Álfsnes.

1.2 Umhverfisgögn

Meðalársrennsli úr sigvatnslögn undanfarin ár hefur verið sem hér segir (Björn Halldórsson, Sorpu, upplýsingar í tölvupósti 19/05/2003):

Ár	Ársmeðalrennsli, L/s
1997	2,25
1998	2,3
1999	2,3
2000	2,4

Samtímamælingar á frárennsli í sigvatnslögninni hófust 26/09/2002. Hins vegar er það þannig að í þeim brunni þar sem mælingar fara fram gætir sjávarfalla (þ.e. á stórstraumi). Þegar ofankomu gætir ekki, þá er miðgildi þessa rennslisraða 2,24L/s fyrir tímabilið 27/09/2002-17/05/2003 skv þessum mælingum, sjá mynd 1 (25% hundraðsmark 1,87L/s og 75% hundraðsmark 2,75L/s).



Mynd 1 Uppsöfnuð tíðni rennslis í sigvatnslögn á tímabilinu 27/089/2002-17/05/2003. Aflestur er á 10 mínútna fresti. Aðeins rennsli þegar veðurathugunarstöð á Álfsnesi sýndi enga úrkomu eru teknar með í þessa úrvinnslu. Fjöldi mælipunkta 31056. Rauður punktur sýnir 50% tíðni, sem á þessu tímabili var 2,24L/s. 95% af tímanum, efsti punktur, er rennsli minna en 4,08L/s.

Þetta miðgildisrennsli svarar til þess að á sólarhring séu losaðir um 194m³. Í ársskýrslu SORPU (1) kemur fram að mælingar hafi farið fram á ýmsum efnum í sigvatninu frá byrjun árs 1995 og þar á meðal eru sömu ólífrænu snefilefni og mæld eru í kræklingi: kvikasilfur, kadmín, kopar, króm, nikkell, sink, járn, mangan, blý og arsen. Sýnatökur vegna þessara mælinga hafa farið fram í sama brunni og rennsli er

mælt (Björn Halldórsson, Sorpu, upplýsingar í tölvupósti 04/06/2003). Þessar niðurstöður eru teknar saman í eftirfarandi töflu II.

Tafla II Styrkur ólífrænna snefilefna í sigvatni og áætluð losun þeirra um sigvatnslögn

Snefilefni	Fjöldi mælinga	Mælieining styrks	Meðalstyrkur	Áætluð losun á sólarhring
Mn	8	mg/L	3,4	0,6 kg
Cu	11	mg/L	<0,03	<6 g
Cd	11	mg/L	<0,01	<2 g
Pb	14	mg/L	<0,05	<10 g
Zn	11	mg/L	0,2	35 g
Cr	11	mg/L	0,1	25 g
Fe	11	mg/L	35,6	7 kg
Hg	11	µg/L	<1,2	<0,2 g
As	3	mg/L	0,01	3 g
Ni	1	mg/L	0,1	17 g

Af þessari töflu má sjá að heildarlosun er tiltölulega lítil ef miðað er við fráveituvatn í Reykjavík og því ekki að vænta mikillar uppsöfnunar í krækling ef straumar við útrásarenda eru þokalega miklir. Þau frumefni, sem losuð eru í mestu magni eru annars vegar mangan, um 0,6kg/d, en þó sérstaklega járn, 7kg/d. Straumar og þar með þynningar og vatnsskipti á losunarstað hafa afgerandi áhrif á hvort um uppsöfnun þessara snefilefna verði að ræða í lífríki svæðisins og þ.á.m. krækling. Undirrituðum er ekki kunnugt um að straumfræðilegar athuganir hafi farið fram á losunarsvæðinu en straummælingar vegna t.d. fráveituframkvæmda á Stór-Reykjavíkursvæðinu hafa ekki tekið til þessa svæðis sérstaklega (Snorri Páll Kjarran Verkfræðistofan Vatnaskil, munnl.uppl.). Ef um uppsöfnun í krækling verður að ræða þá má ætla að vatnsskipti á losunarsvæðinu séu lítil.

Styrkur lífrænna leifa, mæld sem COD, er hins vegar talsvert hár á ofangreindu tímabili eða á bilinu 600-3300mg O₂/L (meðaltal 1430mg/L, n=17), sem gefur til kynna að ólífrænu snefilefni eru bundin ögnum. Þess er að geta að kræklingur tekur upp bæði agnabundin og uppleyst snefilefni. Styrkur COD er þannig um tífalt meiri en í íbúafrárennsli í Reykjavík og þess að geta að í óþynntu íbúafrárennsli á Stór-Reykjavíkursvæðinu, þ.e. fræðilega hæsti styrkur COD miðað við áætlaða vatnsnotkun, er um 500mg/L (2). Þegar þessi losun á lífrænu efni er umreiknuð í persónueiningar, fæst að þessi losun jafngildi um 2100 persónueiningum að meðaltali. Fróðlegt er að bera saman losun ólífrænna snefilefna með íbúafrárennsli frá 2100 persónueiningum og losun með sigvatninu og er þetta borið saman í töflu III. Tafla III gerir ljóst að það er einungis mangan, nikkell og e.t.v. króm, sem eru losuð í meira magni með sigvatni en ef um fráveituvatn frá íbúabyggð væri að ræða. Tafla III gerir einnig grein fyrir að losun á kopar og sinki er minni með sigvatninu en samsvarandi fráveituvatni. Losun annarra snefilefna er á mjög svipuðum nótum í bæði sigvatni og fráveituvatni þar sem unnt er að bera saman og vekur athygli að losun járn og blýs er sú sama með sigvatni og ef um fráveituvatn frá íbúum væri að ræða. Styrkur þessara snefilefna í sigvatninu er hins vegar einni stærðargráðu hærri en í fráveituvatni og hafa þar í huga að upptaka í lífverur s.s. krækling, vex með hækkandi umhverfisstyrk.

Tafla III Áætluð losun ólífrænna snefilefna miðað við fráveituvatn frá 2100 persónueiningum á Stór-Reykjavíkursvæðinu*

Snefilefni	Losun á sólarhring m.v. fráveituvatn í Rvk. frá 2100 persónueiningum (áætluð losun frá SORPU skv mælingum innan sviga)
Mn	0,13kg (0,6)
Cu	25g (<6)
Cd	<0,4g (<2)
Pb	10,5g (<10)
Zn	178g (35)
Cr	10,5g (25)
Fe	9kg (7)
Hg	0,2g (<0,2)
As	<2g (3)
Ni	2g (17)

*Upplýsingar um fráveituvatn í Reykjavík eru fengnar úr ýmissi vinnu skýrsluhöfundar fyrir Gatnamálastjórnann í Reykjavík, sjá t.d. 20.

2. NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður allra mælinga er að finna í annars vegar viðauka II með þyngdar- og stærðarþáttum kræklingssýnanna þriggja og hins vegar í viðauka III með öllum efnamælingum.


Allur samanburður hér að neðan miðar við 95%-öryggismörk og á log-umbreyttum stærðum ef annað er ekki tekið fram þar sem í tilvikum þyngdarstærða, lengda og styrks er um log-normal-dreifðar stærðir að ræða. Þegar meðaltölum er snúið til baka er miðað við \exp af log-meðaltölum og öryggismörkum, þ.e. $\exp(\overline{\ln(X)})$ og $\exp\left[\overline{\ln(X)} \pm t_{\alpha/2, v} \times s / \sqrt{n}\right]$, þar sem X er mælistærðin og s er staðalfrávik í log-breyttri mælistærð. Ef óskað er eftir aritmetískum stærðum (μ_X og s_μ) fást þær skv eftirfarandi:

$$\mu_X = \exp(\overline{\ln(X)}) \times \exp(1/2 \times s^2)$$

$$s_\mu^2 = \mu^2 \times (\exp(s^2) - 1)$$


2.1 Líffræðilegir ástandspættir.

2.1.1 Þurrefni og fita. Mynd 1 sýnir þurrefni og fitu kræklingssýnanna í samanburði við annars vegar villtan krækling við strendur Íslands og hins vegar af baujum í ýmsum verkefnum, aðallega vegna vinnu fyrir Gatnamálastjórnann í Reykjavík. Þess er að geta að villti kræklingurinn er yfirleitt tekinn í ágúst og kræklingur á baujum er jafnan tekinn í byrjun september eftir að hafa verið á baujum í um 3,5 mánuð. Ljóst er að kræklingurinn hefur tapað þurrefni og fitu meðan á tilraun stóð en lítill munur er á viðmiðun í lok tilraunar og sýninu í Álfsnesi. Holdarfar kræklingusins í þessari tilraun er eins og best gerist í samanburði við annan krækling af baujum.



Mynd 2 Samband fitu og þurrefnis í kræklingi og samanburður Álfsnessýna við innlenda gagnagrunna.


2.1.2 Heildarþyngd. Mynd 2 sýnir meðalheildarþyngd kræklingssýnanna.



Mynd 2 Meðalheildarvotþyngd kræklingssýna með 95%-öryggismörk á meðaltalinu.

Í ljós kemur að þyngd viðmiðunarsýnis hefur vaxið marktækt miðað við fyrri viðmiðun (t-próf; 95% öryggismörk) eða sem nemur tæpum 13,7mg/dag. Sýnið í Álfsnesi hefur einnig vaxið marktækt miðað við fyrri viðmiðun og reynist meðalþyngd vera ómarktækt frábrugðin seinni viðmiðuninni. Þyngdaraukning í Álfsnesi reiknast 10,2mg/d.


2.1.3 Þyngd skelja. Mynd 3 sýnir meðalþyngd skelja í þessum þremur sýnum og, eins og fyrir heildarþyngdina, þá hefur skelin þyngst marktækt bæði á viðmiðunarstað og við Álfsnes, annars vegar 8,6mg/dag (46% aukning) og hins vegar 7,4mg/dag (41% aukning). Ekki er marktækur munur á seinni viðmiðun og sýninu í Álfsnesi. Skel stendur þannig fyrir um 73% af heildarþyngdaraukningu í Álfsnesi en 63% á viðmiðunarstað.



Mynd 3 Meðalþyngd skelja kræklinssýnanna með 95%-öryggismörk á meðaltalinu.


2.1.4 Þyngd holds. Mynd 4 sýnir meðalholdþunga (votvigt) sýnanna þriggja. Nú bregður hins vegar svo við að sýnið á viðmiðunarstað hefur þyngst marktækt (5mg/d) en ekki sýnið í Álfsnesi. Munur milli Álfsnesssýnis og viðmiðunar í lokin er hins vegar lítill og hverfur með 96% öryggismörkum. Munur milli viðmiðunarsýnanna tveggja hverfur einnig ef þyngd er skoðuð á þurrvigtargrunni og sést þá að Álfsnessýnið er aðeins um 9% minna í holdþunga en viðmiðunarsýnið í lokin.

	Meðalþurrvigt holds (aritmetískt)/g
Fyrri viðmiðun	0,61
Álfsnes	0,52
Seinni viðmiðun	0,57




Mynd 4 Meðalvotþyngd holds kræklinssýnanna með 95%-öryggismörk á meðaltalinu.


2.1.5 Lengd. Mynd 5 sýnir meðallengd kræklingssýnanna og kemur í ljós að viðmiðunarsýnið hefur vaxið marktækt um 20,6µm/dag á tímabilinu en ekki sýnið í Álfsnesi. Munur milli Álfsnessýnis og seinni viðmiðunar er þó ekki mikill og hverfur ef 96% öryggismörk eru notuð.



Mynd 5 Meðallengd kræklinssýnanna með 95%-öryggismörk á meðaltalinu.



Mynd 6 Meðalhæð kræklinssýnanna með 95%-öryggismörk á meðaltalinu.




Mynd 7 Meðalhæð kræklinssýnanna með 95%-öryggismörk á meðaltalinu þar sem sex frávíkseintök í Álfsnessýninu hafa verið tekin úr gögnunum m.v. mynd 6.

2.1.6 Hæð. Mynd 6 sýnir hæð kræklingssýnanna og er hér sömu sögu að segja og fyrir lengdina, viðmiðunarsýnið hefur vaxið marktækt í hæð eða um 12,6µm/dag á

tímabilinu en ekki sýnið við Álfsnesútrásina. Eins og mynd 6 sýnir, þá eru vikmörkin á Álfsnessýninu stærri en í tilviki viðmiðunarsýnanna og reynist um marktækan mun í staðalfrávikum vera að ræða (F-próf). Í ljós kemur að sex eintök víkja verulega og marktækt frá sambandi hæðar og lengdar (línulegt) í Álfsnessýninu og auk þess er um marktækt minni hæð að ræða fyrir þessi sex eintök en fyrir fyrri viðmiðun. Ef þessi eintök eru tekin frá við tölfræðlega úrvinnslu reynist enginn munur vera í staðalfrávikum sýnanna þriggja og enginn munur reynist vera á milli Álfsnessýnisins og seinna viðmiðunarsýnis, mynd 7. Að þessum sex eintökum undanskildum hefur hæð Álfsnessýnisins vaxið marktækt miðað við fyrri viðmiðun eða um 11,7µm/dag.


2.1.7 Holdafarsstuðull og aðrir ástandspættir. Það sem vekur athygli í ofangreindri greiningu er sú staðreynd að þyngd skeljanna í Álfsnessýninu reyndist hafa þyngst jafnmikið og aukið hæð sína eins og á viðmiðunarsvæði en ekki lengst að sama skapi þó um lítinn mun hafi verið að ræða. Þessu til viðbótar var holdþungi ekki sá sami í seinni viðmiðun og í Álfsnesi þó svo sá munur hafi reynst mjög lítill. Þyngd skelja svo og þyngd lífverunnar sjálfar og þyngd holds vex log-log-línulega með lengd þar sem hallatala er venjulega um 3 (isometric growth). Mynd 8 sýnir þetta samband skeljamassa og lengdar fyrir sýnin þrjú. Í ljós kemur að ekki er marktækur munur í þessum venslum milli viðmiðunar í lokin og sýnisins í Álfsnesi en marktækur munur er á milli sýnanna tveggja í lokin og viðmiðunarinnar í byrjun (F-próf; 95% öryggismörk).



Mynd 8 Log-log-samband skeljamassa og lengdar fyrir kræklingasýnin 3.

Munurinn er eingöngu í fastanum (skurðpunkti við y-ás) því hallatölurnar eru ekki marktækt frábrugðnar, þ.e. hliðrun um aukninguna í skeljamassa sem nemur um 0,5g að meðaltali á tímabilinu.


Hlutfall þurrþyngdar fisks af heildarþurrþyngd einstaklings í sýni, en það er eitt algengasta form s.k. holdarfarsstuðuls ("conditional index"), er stundum notað til að lýsa næringarástandi skelfisks almennt en einnig sem mat á áhrifum af mengun vegna losunar t.d. íbúafrárenslis. Hefur það t.d. verið gert með þokkalegum árangri með Kyrrahafsostru (*Crassostrea gigas*) við mat á áhrifum íbúafrárenslis og iðnaðar á Nýja Sjálandi [3,4]. Mynd 9 sýnir hlutfall þurrþyngdar holds af heildarþurrþyngd og er ljóst að enginn munur er á seinni viðmiðun og Álfsnessýninu en dregið hefur af kræklingnum þegar leið á veturinn eins og vera ber.



Mynd 9 Holdarfarsstuðull: hlutfall þurrþyngdar holds af heildarþurrþyngd.

2.1.8 Líffræðilegir ástandspættir: samantekt.

Samantekið, þá reynist ekki vera ýkja mikill munur í viðmiðunarsýni og sýninu í Álfsnesi m.t.t. formfræðilegra þátta, bæði vaxið að heildarþyngd, vöðvaþyngd, skeljaþyngd, lengd og hæð. Sýnið við Álfsnes hefur e.t.v. lengst örlítið minna en sýnið við Katanes en munurinn er vart marktækur. Munur í meðalþunga holds eða 10% (votvigt og þurrvigt) gæti átt sér ýmsar ástæður og þær helstar að á grunnsævi eins og við Álfsnes, um 2m botndýpi auk þess sem ferkvatns gætir þar meira, þá lækkar hitastig hraðar á haustin en dýpra eins og í sýninu út af Katanesi, þar sem botndýpi er um 30m. Sýnið við Álfsnes virðist hins vegar hafa vaxið jafnhvatt til að byrja með eins og sjá mátti á skeljaþunga en síðan hefur vöxtur og önnur starfsemi minnkað þar fyrir en í Hvalfirðinum þar sem blöndun sjávar er meiri.



Mynd 10 Holdarfarsstuðull: hlutfall þyngdar skelja og lengdar.

Á hinn bóginn hefur kræklingurinn við Álfsnes vaxið hlutfallega meira í skjelpunga en seinna viðmiðunarsýnið, munur sem hverfur ef notuð eru 96% öryggismörk, mynd 10. Hins vegar er um stutt tímabil að ræða eða 68 daga. Hér geta komið til a.m.k. þrjár skýringar. Í fyrsta lagi er það þekkt að kræklingur hefur meiri skjelpunga í fjöru en ef hann er á baujum (sama lengd) (5) en gera má ráð fyrir að hnjask vegna m.a. öldu sé meira við Álfsnes þar sem kræklingurinn var á þangmiklu svæði og á eða við botn í stórstreymi. Í öðru lagi er þykking skeljar (ásamt sterkari samdráttarvöðva) álitin vera svar kræklinga við áreiti rándýra eins og krossfisks (10). Að lokum má nefna að samlokur eins og ostra þykkja skel sína ef þær verða fyrir álagi vegna mengunar eins og t.d. lífrænna tinsambanda (6,7) og er þykkt oft skoðuð þegar almennt mengunarálag vegna t.d. málma (8) eða olía er til athugunar (9). Skýrsluhöfundur er þó ekki kunnugt um að fylgni hafi fundist milli þessarra þátta fyrir krækling. Rannsóknir hafa farið fram á lífrænum tinsamböndum á Íslandi, annars vegar óbeint með líffærabreytingum á nákuðungi (*Nucella lapillus*) við SV-land og í kringum landið (11,12) og kemur í ljós að áhrifa gætir talsvert við höfnina í Reykjavík en áhrifa gætir einnig í Gufunesi, Hofsvík og Lundey þó þessi áhrif hafi minnkað verulega á tímabilinu frá 1992/1993 til 1998 (12). Rannsóknir á lífrænum tinsamböndum hafa farið fram á kræklingi og nákuðungi við Laugarnes (13) og hafkóngi (*Buccinum undatum*) í Breiðafirði, Hafnarfjarðarhöfn og Reykjavíkurhöfn (14). Nýlega, eða 1999-2001, fór fram rannsókn á m.a. lífrænum tinsamböndum í útsettum kræklingi við SV-land (15). Í þessari rannsókn var m.a. skoðaður útsettur kræklingur vestan við Þerney 1999 án þess þó lífræn tinsambönd væru mæld en niðurstöður mælinga á vaxtarrým hans, sem gæti verið mælikvarði á áhrif m.a. lífrænna tinsambanda en einnig hugsanlega PAH-efna, sýndi að kræklingurinn við Þerney reyndist einna best á sig komin miðað við aðra staði sem skoðaðir voru, þ.á.m. í Hvítanesi, Hvalfirði. Að öllu samanteknu verður það að teljast ólíklegt að þessi hlutfallslega meiri þykking skeljarinnar við

Álfsnes stafi af lífrænum tinsamböndum. Líklegast er að náttúruleg skilyrði við Álfsnes séu með öðrum hætti en við Katanes, Hvalfirði.

2.2 Ólífrænir snefilefnaþættir.

Niðurstöður allra efnamælinga er að finna í viðauka III.

Við mat á breytingum í snefilefnum er hegðunin skoðuð m.t.t. votvigtar, þurrvigtar og á grundvelli heildarmagns í hverjum meðaleinstaklingi. Túlkun gagna fyrir snefilefni í kræklingi getur verið mjög vandasöm eins og gerð hefur verið ítarleg grein fyrir þar sem hnattrænir, landfræðilegir, jarðefnafræðilegir, haffræðilegir, líffræðilegir og lífefnafræðilegir þættir geta skipt mjög miklu máli (16). Hér að neðan verða breytingarnar sérstaklega skoðaðar m.t.t. þurrvigtar.

Nokkrar breytingar verða í styrk snefilefna í viðmiðunarsýninu og má draga niðurstöðurnar saman með eftirfarandi hætti fyrir ólífræn snefilefni á þurrvigtagrunni:

Cd og Pb **lækka** marktækt

Hg, Cr, Ni, Fe, Zn og Cu **hækka** marktækt (Ni og Zn eru óbreytt á votvigtagrunni en Cu lækkar á votvigtagrunni)


Mn, Ag og As eru **óbreytt** (As og Mn lækka þó á votvigtagrunni auk þess sem Mn lækkar í heildarmagni)

Hér geta komið til ýmsir þættir, t.d. flutningur frá Geirshólma í Katanes, vöxtur og breyting með árstíð.


Hér á eftir fer samanburður og túlkun á niðurstöðunum fyrir kræklingssýnið í Álfsnesi. Við þá túlkun er m.a. notast við gagnagrunn um íslenskan krækling, annars vegar af baujum í Hvalfirði og úti á Sundunum í Reykjavík og hins vegar niðurstöður fyrir krækling af ströndu víðs vegar í kringum landið (16). Þessar niðurstöður fyrir íslenskan krækling eru sýndar sem 25%-, 50%- og 75%-hundraðsmörk, þ.e. 25% hundraðsmarkið þýðir að 25% sýnanna er undir þeirri niðurstöðu o.s.frv.

Kadmín. Mynd 11 sýnir niðurstöður þessarar rannsóknar í samanburði við íslenska gagnagrunna fyrir annars vegar sýni af baujum og hins vegar af ströndu. Kadmínstyrkur sýnisins í Álfsnesi er lágur og reyndar marktækt lægri en styrkurinn í seinna viðmiðunarsýninu. Neyslumörk fyrir kadmín í skelfiski eru 1,0mg/kg votvigtar eða fimmfalt hærri en sá styrkur sem mælist í Álfsnesi (17). Lægstu umhverfismörk, sem Norðmenn hafa sett á málma í kræklingi, eru 1,5mg/kg þurrvigtar fyrir kadmín (18), sem er herra en 1,0mg/kg þurrvigtar, sem mælist í Álfsnesi.


Blý. Mynd 12 sýnir niðurstöður þessarar rannsóknar í samanburði við íslenska gagnagrunna. Blýstyrkur sýnisins í Álfsnesi er mjög lágur. Styrkurinn í fyrri viðmiðunarsýni reynist mjög hár af ókunnri ástæðu. Styrkurinn í Álfsnesi hefur ekki lækkað eins mikið og í seinna viðmiðunarsýninu sem bendir til áhrifa þó lítil séu. Eins og fyrir kadmín er styrkurinn í Álfsnessýninu langt undir gildandi hámarki fyrir blý í kræklingi til neyslu eða 1,0mg/kg votvigtar, sem berist saman við 0,03mg/kg í Álfsnesi. Lægstu umhverfismörk Norðmanna eru 3mg/kg þurrvigtar í kræklingi (18) eða rúmlega 20-sinnnum hærri en styrkurinn reynist í Álfsnesi.



Mynd 11 Kadmín í kræklingi með 25, 50 og 75% hundraðsmörkum fyrir íslenska gagnagrunninn.




Mynd 12 Blý í kræklingi með 25, 50 og 75% hundraðsmörkum fyrir íslenska gagnagrunninn. Niðurstaða fyrir seinni viðmiðun er er undir greiningarmörkum (<20 µg/g burrvigt)




Mynd 13 Kvikasilfur í kræklingi með 25, 50 og 75% hundradsmörkum fyrir íslenska gagnagrunninn.

Kvikasilfur. Mynd 13 sýnir niðurstöður þessarar rannsóknar í samanburði við íslenska gagnagrunna. Styrkur kvikasilfurs hefur vaxið bæði í viðmiðun og í Álfsnesi en styrkur sýnisins í Álfsnesi er ómarktækt frábrugðinn viðmiðunarsýninu í lokin. Eins og mynd 13 sýnir þá er styrkur kvikasilfurs í Álfsnesi lágur miðað við gagnagrunninn íslenska eða á milli 25%-hundradsmarka baujukræklings og kræklings af ströndu og telst því mjög lágur. Eins og fyrir kadmín og blý er styrkur í Álfsnessýninu langt undir gildandi hámarki fyrir kvikasilfur í kræklingi til neyslu eða 0,5mg/kg votvigtar, samanborið við 0,005mg/kg í Álfsnesi. Lægstu umhverfismörk Norðmanna, 0,2mg/kg þurrvigtar í kræklingi (18), eru einnig talsvert hærri en sá styrkur, sem mælist í Álfsnesi, 0,024mg/kg þurrvigtar.


Króm. Mynd 14a sýnir niðurstöður þessarar rannsóknar. Styrkur króms reynist vera marktækt hærri í Álfsnesi en seinni viðmiðun í Hvalfirði og á það einnig við um heildarmagn og styrk á votvigtargrunni. Styrkur króms hefur þannig vaxið bæði í viðmiðun og í Álfsnesi en meira í Álfsnesi. Þegar niðurstöðurnar eru bornar saman við íslenska gagnagrunninn fyrir baujur, mynd 14b, kemur í ljós að styrkur allra sýnanna í þessari rannsókn eru lágur og er sýnið í Álfsnesi lægra en 25%-hundradsmark íslenska gagnagrunnsins fyrir baujukrækling. Þegar styrkurinn er síðan borinn saman við krækling af ströndu kemur í ljós að styrkurinn í Álfsnesi er mjög lágur, mynd 14c, og bendir það til þess að ástæða hærri styrks í Álfsnesi en á viðmiðunarsvæðinu sé að hluta a.m.k. vegna meiri nálægðar við strönd og botn en á viðmiðunarsvæðinu. Lægstu umhverfismörk Norðmanna, 3mg/kg þurrvigtar í kræklingi (18), eru tífalt hærri en sá styrkur, sem mælist í Álfsnesi, 0,34mg/kg þurrvigt.



Mynd 14a Króm í kræklingi í Álfsnesi í samanburði við viðmiðunarstöðvar.



Mynd 14b Króm í kræklingi með 25, 50 og 75% hundraðsmörkum fyrir íslenska gagnagrunninn af baujum.




Mynd 14c Króm í kræklingi með 25, 50 og 75% hundraðsmörkum fyrir íslensku gagnagrunnana.


Nikkel. Mynd 15a sýnir niðurstöður þessarar rannsóknar bornar saman við íslenska gagnagrunninn fyrir baujukrækling. Styrkur nikkels í Álfsnessýninu og í viðmiðuninni hefur vaxið á tímabilinu m.v. þurrvigt og reynist ekki vera um marktækan mun í styrk í seinni viðmiðuninni og Álfsnesi, bæði á þurrefnisgrunni og á votvigtargrunni (en heildarmagn reynist vera marktækt lægra í Álfsnesi). Þegar niðurstöðurnar eru bornar saman við íslenska gagnagrunninn fyrir baujur, mynd 15a, kemur í ljós að styrkur allra sýnanna í þessari rannsókn eru mjög lágur og er sýnið í Álfsnesi um helmingi lægra en 25%-hundraðsmark íslenska gagnagrunnsins fyrir baujusýni. Þegar styrkurinn er síðan borinn saman við krækling af ströndu kemur í ljós að styrkurinn í Álfsnesi er mjög lágur, mynd 15b, og bendir það til þess að ástæða hærri styrks í Álfsnesi en á viðmiðunarsvæðinu sé vegna meiri nálægðar við strönd og botn en á viðmiðunarsvæðinu eins og í tilviki króms. Lægstu umhverfismörk Norðmanna, 5mg/kg þurrvigtar í kræklingi (18), eru tífalt hærri en sá styrkur, sem mælist í Álfsnesi, 0,48mg/kg þurrvigt.

Sink. Mynd 16 sýnir niðurstöður þessarar rannsóknar bornar saman við íslenska gagnagrunna. Styrkur sinks í viðmiðunarsýninu hefur vaxið marktækt á tímabilinu m.v. þurrvigt og í heildarmagni (en ekki votvigt) en styrkur í Álfsnessýninu hefur vaxið marktækt meira en í viðmiðuninni (bæði þurrvigt og votvigt). Heildarmagn sinks reynist vera marktækt lægra í Álfsnessýninu en seinni viðmiðun og kemur þar til meiri holdþungi í viðmiðuninni og lítill munur í styrk. Þegar niðurstöðurnar eru bornar saman við íslenska gagnagrunna, mynd 16, kemur í ljós að styrkur allra sýnanna í þessari rannsókn eru mjög áþekkir því sem er að búast við af baujum og lægri en af ströndu. Lægstu umhverfismörk Norðmanna, 200mg/kg þurrvigtar í kræklingi (18), eru tvöfalt hærri en sá styrkur, sem mælist í Álfsnesi, 93mg/kg


þurrvigt. Þess er að geta að kræklingur getur að hluta til stjórnað styrk sinks í vefjum sínum og verður hann þannig lítið háður umhverfisstyrk upp að vissum mörkum.



Mynd 15a Nikkel í kræklingi með 25, 50 og 75% hundraðsmörkum fyrir íslenska gagnagrunninn af baujum.




Mynd 15b Nikkel í kræklingi með 25, 50 og 75% hundraðsmörkum fyrir íslensku gagnagrunnana. Niðurstöður fyrir krækling af ströndu SV-lands 1978-1979 eru fengnar úr heimild 19.




Mynd 16 Sink í kræklingi með 25, 50 og 75% hundraðsmörkum fyrir íslenska gagnagrunna.

Kopar. Mynd 17 sýnir niðurstöður þessarar rannsóknar bornar saman við íslenska gagnagrunna. Styrkur kopars í viðmiðunarsýninu hefur vaxið marktækt á tímabilinu m.v. þurrvigt og í heildarmagni en lækkar á votvigtargrunni. Styrkur í Álfsnessýninu er ómarktækt frábrugðinn styrknum í seinni viðmiðun (bæði þurrvigt og votvigt) en inniheldur minna magn (vegna minni holdmassa og lítils munar í styrk). Þegar niðurstöðurnar eru bornar saman við íslenska gagnagrunna, mynd 17, kemur í ljós að styrkur allra sýnanna í þessari rannsókn er um helmingur þess sem er að búast við af baujum og enn lægri en þegar niðurstöðurnar eru bornar saman við krækling af ströndu. Lægstu umhverfismörk Norðmanna, 10mg/kg þurrvigtar í kræklingi (18), eru meir en tvöfalt hærri en sá styrkur, sem mælist í Álfsnesi, 3,8mg/kg þurrvigt. Þess er að geta að kræklingur, eins og í tilviki sinks, getur að hluta til stjórnað styrk kopars í vefjum sínum upp að vissum mörkum í umhverfisstyrk kopars.

Mangan. Mynd 18 sýnir niðurstöður þessarar rannsóknar bornar saman við íslenska gagnagrunna. Styrkur mangans í viðmiðunarsýninu hefur ekki vaxið marktækt á tímabilinu m.v. þurrvigt en lækkar á votvigtargrunni og í heildarmagni. Styrkur í Álfsnessýninu er marktækt lægra en seinni viðmiðun óháð því á hvaða grunni samanburður er gerður (þurrvigt, votvigt eða heildarmagn). Þegar niðurstöðurnar eru bornar saman við íslenska gagnagrunna, mynd 18, kemur í ljós að styrkur viðmiðunarsýnanna í þessari rannsókn er áþekkur því sem er að búast við af baujum en Álfsnessýnið er undir 25%-hundraðsmarkinu. Öll sýnin eru lægri en búast má við af ströndu.




Mynd 17 Kopar í kræklingi með 25, 50 og 75% hundraðsmörkum fyrir íslenska gagnagrunna.




Mynd 18 Mangan í kræklingi með 25, 50 og 75% hundraðsmörkum fyrir íslenska gagnagrunna.

Silfur. Mynd 19 sýnir niðurstöður þessarar rannsóknar bornar saman við íslenska gagnagrunninn fyrir sýni af baujum en skýrsluhöfundi er ekki kunngt um að slíkar niðurstöður séu til fyrir villtan krækling frá Íslandi. Styrkur silfurs í viðmiðunarsýninu í lokin er ómarktækt frábrugðinn styrknum í upphafi á þurrvigtagrunni en silfur hefur lækkað marktækt á votvigtagrunni og í heildarmagni. Styrkur í Álfsnessýninu er ómarktækt frábrugðinn styrknum í seinni viðmiðun (þurrvigt, votvigt og heildarmagni). Þegar niðurstöðurnar eru bornar saman við íslenska gagnagrunninn, mynd 19, kemur í ljós að styrkur allra sýnanna í þessari rannsókn er um þriðjungur þess sem er að búast við af baujum. Lægstu umhverfismörk Norðmanna, 0,3mg/kg þurrvigta í kræklingi (18), eru sexfalt hærri en sá styrkur, sem mælist í Álfsnesi, 0,05mg/kg þurrvigt.




Mynd 19 Silfur í kræklingi með 25, 50 og 75% hundraðsmörkum fyrir íslenska gagnagrunna.

Járn. Mynd 20 sýnir niðurstöður þessarar rannsóknar bornar saman við íslenska gagnagrunna. Styrkur járn í viðmiðunarsýninu hefur vaxið marktækt á tímabilinu m.v. þurrvigt, votvigt og í heildarmagni en styrkur í Álfsnessýninu hefur vaxið marktækt meira en í viðmiðuninni (þurrvigt, votvigt og heildarmagni). Þegar niðurstöðurnar eru bornar saman við íslenska gagnagrunna, mynd 20, kemur í ljós að styrkur allra sýnanna í þessari rannsókn er mjög áþekkur því sem er að búast við af baujum og, eins og við var búist, lægri en af ströndu. Ástæða hærri styrks járn í Álfsnessýninu er mjög líklega vegna meiri nálægðar við botn en á viðmiðunarsvæðinu.



Mynd 20 Járn í kræklingi með 25, 50 og 75% hundraðsmörkum fyrir íslenska gagnagrunna.

Arsen. Mynd 21 sýnir niðurstöður þessarar rannsóknar bornar saman við íslenska gagnagrunna. Styrkur heildararsens í viðmiðunarsýninu í lokin er ómarktækt frábrugðinn styrknum í upphafi á þurrvigargrunni og í heildarmagni en arsen hefur lækkað marktækt á votvigargrunni. Styrkur arsens í Álfsnessýninu er marktækt lægri en í seinni viðmiðun (þurrvig, votvig og heildarmagni). Þegar niðurstöðurnar eru bornar saman við íslenska gagnagrunna, mynd 21, kemur í ljós að styrkur allra sýnanna í þessari rannsókn er mjög áþekkur því sem er að búast við af baujum en lægri en 25%-hundraðsmarkið fyrir krækling af ströndu. Lægstu umhverfismörk Norðmanna, 10mg/kg þurrvigtar í kræklingi (18), eru hærri en sá styrkur, sem mælist í Álfsnesi, 7mg/kg þurrvig.



Mynd 21 Arsen í kræklingi með 25, 50 og 75% hundraðsmörkum fyrir íslenska gagnagrunna.

NIÐURSTAÐA

Styrkur COD er um tífalt hærri en í íbúafrárennsli í Reykjavík og jafngildir losunin um 2100 persónueiningum að meðaltali. Samanborið við fráveituvatn með 2100 persónueiningum, þá er losun ólífrænna snefilefna með sigvatni ekki óáþekkt því sem er að búast við frá íbúum á Stór-Reykjavíkursvæðinu nema í tilviki króms, nikkels og mangans, þar sem hún er meiri með sigvatninu.

Er varðar líffræðilega ástandspætti hefur kræklingurinn í Álfsnesi þrífist svipað og á viðmiðunarsvæði við Katanes, Hvalfirði. Sá litli munur, sem greina mátti (minni holdþungi en þykkari skel) má líklegast rekja til þess að náttúruleg skilyrði við Álfsnes eru með öðrum hætti en við Katanes.

Er varðar ólífrænu snefilefni, þá má e.t.v. greina áhrif á styrk blýs og króms. Hins vegar er um lítil áhrif að ræða og er styrkur þessara málma vel undir því sem hefur fundist á lítt eða ómenguðum svæðum við Ísland og langt undir t.d. norskum viðmiðunargildum. Hins vegar er losun á krómi hlutfallslega mikil m.v. fráveituvatn á Stór-Reykjavíkursvæðinu en það á einnig við um mangan og nikkell. Ekki var þó að merkja meiri upptöku nikkels og mangans í krækling þó svo að styrkur þessara málma, svo og annarra ólífrænna snefilefna í losuðu sigvatni, sé um einni stærðargráðu hærri en hinn lági styrkur sem er í fráveituvatni á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Samantekið, þá sýnir þessi athugun að núverandi losun á sigvatni frá Álfsnesi hefur ekki eða mjög óveruleg áhrif á vöxt og mengunarstig kræklinga.

HEIMILDIR

1. SORPA. Sorpeyðing Höfuðborgarsvæðisins bs. Ársskýrsla 2001
2. Guðjón Atli Auðunsson 2002. Hegðun og samsetning fráveituvatns í Skolpu 2000-2001. Unnið fyrir Gatnamálastjórnann í Reykjavík. Skýrsla Rf 06-02.
3. R.D.Pridmore *et al.* 1990. *Mar. Environ. Res.*, 30: 163.
4. D.S.Roper *et al.* 1991. *Mar. Environ. Res.*, 31: 197.
5. H.Guderley *et al.* 1994. *J. Shellfish Res.*, 13: 379-385.
6. R.F.Lee 1991. *Mar. Environ. Res.*, 32: 29-35
7. R.Ritsema og R.W.P.M.Laane 1991. *Mar. Environ. Res.*, 32: 243-260.
8. D.F.Roberts *et al.* 1986. *Mar. Environ. Res.*, 18: 165-183.
9. M.P.Cajarville *et al.* 1992. *Comp. Biochem. Physiol.*, Part C, 102: 103-112.
10. N.Kautsky *et al.* 1990. *Mar. Ecol. Prog. Ser.*, 59: 203-210.
11. Jörundur Svavarsson og Halldóra Skarphéðinsdóttir 1995. *Sarsia*, 80: 35-40.
12. Jörundur Svavarsson 2000. *Mar. Poll. Bull.*, 40: 893-897.
13. Halldóra Skarphéðinsdóttir, Kristín Ólafsdóttir, Jörundur Svavarsson og Þorkell Jóhannesson 1996. *Mar. Poll. Bull.*, 32: 358-361.
14. Jörundur Svavarsson, Á.Granmo, R.Ekelund og J.SZpunar 2001. *Mar. Poll. Bull.*, 42: 370-376.
15. Halldór Pálmar Halldórsson 2003. Mælingar á vaxtarrými (Scope for Growth) kræklinga (*Mytilus edulis* L.) sem mat á mengun í nágrenni við hafnir á Suðvesturlandi. Meistaraprófsverkefni, Háskóla Íslands. Janúar 2003.
16. Guðjón Atli Auðunsson 2001. Kræklingafræðingarnir út af Klettagörðum 1998. Unnið fyrir Gatnamálastjórnann í Reykjavík. Skýrsla Rf 10-01.
17. Commission regulation (EC) No 466/2001 of 8 March 2001 setting maximum limits for certain contaminants in foodstuffs. Tekin upp í 284/2002, reglugerð um aðskotaefni í matvælum 25.3.2002.
18. J.Molvær, J.Knutzen, J.Magnusson, B.Rygg, J.Skei og J.Sørensen 1997. Klassifisering av miljökvalitet i fjorder og kystfarvann. Veiledning. Classification of environmental quality in fjords and coastal waters. A guide. Statens forurensningstilsyn, SFT. 1997.
19. Jón Ólafsson, Þungmálmar í kræklingi við suðvesturland, Fjölrit Nr. 10, Hafrannsóknastofnun, 1983.
20. Guðjón Atli Auðunsson, Efnamælingar í fráveituvatni í dælustöðinni á Gelgjutanga. Unnið fyrir Gatnamálastjórnann í Reykjavík. Skýrsla Rf 50, maí 1994.